



Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir komst í undanúrslit í sinni grein á Ólympíuleikunum í Ríó, líkt og Hrafnhildur Lúthersdóttir. Þær kepptu í undanúrslitunum í nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verkfærakista fyrir konur á blæðingum

LÍFID „Taskan “The Period Pouch” er eins og verkfæratasta, hún inniheldur allt það sem þú þarft á að halda þegar þú ert á blæðingum,” segir Rakel Karlsdóttir, hönnuður en hún er að setja á laggirnar vörur sem aðstoða konur þegar Rósa frænka kemur óvænt í heimsókn.

Hugmyndin kviknaði þegar Rakel var í hestaférlagslagi. „Hvaða kona þekkir ekki ástandið þegar þú þarft að skipta um bindi eða túrtappa og það er engin ruslatunna nálægt.“

– gló / sjá síðu 22



Andstaðan hyggst knýja fram kjördag

STJÓRN MÁL „Mér þykir það ekki boðlegt að við förum af stað í þessa vinnu án þess að vita hvenær þingið eigi að klárast,” segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pirata.

Þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar ætla að funda áður en Alþingi kemur saman til að ræða hvernig megi knýja fram dagsetningu alþingiskosninga.

„Nú er Sigurður Ingi að tala um það að koma fram með frumvarp um hlutfallslegt afnám verötrýggingar og eitthvað álíka. Ef þú ert að bæta svona stórum málum ofan á það sem fyrir er þá erum við að tala um þing minnst til áramóta og þá þarf að afgangi fjárlög,” segir Birgitta. „Þetta er allt saman mjög skritið og það eru alltaf að koma einhverjar nýjar vendingar.“

Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir dónaskap við þingið og þjóðina að ekki sé búið



Birgitta Jónsdóttir
þingflokksformaður Pirata



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar



Óttarr Proppé
formaður Bjartrar framtíðar

að ákveða dagsetningu þingkosninga.

„Ég held að þingstörfin geti ekki gengið eðlilega fyrir en kjördagur er kominn. Það er ekki þannig að það sé bara stjórnarandstaðan sem þolir ekki þessa óvissu í landinu, fólkið vill fá að vita þetta. Það eru fleiri með plön en bara stjórnarmálaflokkarnir,” segir Oddný.

Óttarr Proppé formaður Bjartrar framtíðar segir flokkinn byrjaðan að stilla upp listum en að skortur á dagsetningu alþingiskosninga reynist uppstillingarstarfinu erfitt.

„Maður finnur fyrir því að það er ekkert sérlega gaman að biðja fólk um að gefa kost á sér í kosningum sem þau vita ekki hvort verða haldnar eða hvenær verða haldnar,” segir Óttarr.

Allir flokkarnir á Alþingi eru farnir að huga að undirbúningi kosninga í haust þrátt fyrir að óvissa sé um dagsetningu þeirra. – srs / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Að láta drauminn rætast

Gnægð af skemmtilegum og fróðlegum námskeiðum bíða þín handan hornsins.



SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um íþróttir. **10**

SPORT Þórir Hergeirsson stefnir að því að vinna gull á ÓL. **12**

FRÉTTIR Vinnuálfstafnun kemur á fót mansalsteymi **8**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



2 GB netnotkun eða **2.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir!

Samsung Galaxy J5 2016



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir!

Samsung Galaxy S7



2 GB netnotkun eða **2.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir!

iPhone SE



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir!

iPhone 6s

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA

Veður



Norðlæg átt 8-15 m/s í dag, einna hvassast suðaustan- og austanlands og má búast við að hviður verði varasamar austur af Örefum og að Austfjörðum. **SJÁ SÍÐU 16**



Lögregla í Charleroi. NORDICPHOTOS/AFP

Árásarmaður tengdur ISIS

BELGÍA Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS), sögðu í gær að maður sem ræddur á tvær lögreglukonur með sveðju í belgísku borginni Charleroi á laugardag hafi verið liðsmaður samtakanna.

Belgísk lögregluvöld segja árásarmanninn vera 33 ára Alsíring. Lögregla skaut hann til bana. Vitni segja að maðurinn hafi endurtekið hrópað „Allahu Akbar“, eða Guð er mestur, á meðan árásinni stóð. – þea

Lundar á sundi



Mikill fjöldi lundapysja var á sundi við Heimaey í gær. Í júlí sagði Erpur Snær Hansen fuglafræðingur í Eyjafréttum að lundavarp í Eyjum lofaði mjög góðu. Þó væri útlitið dekkra í Dyrhólaey og Ingólfshöfða sem og í Papey. Hlutfall hola sem orpið væri í væri mjög hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Karnival á Klambratúni

SAMFÉLAG Fjölskyldustemming var á Klambratúni í gær en þar brá Sirkus Íslands á leik. Fjölskylduhátíðin á túninu var hluti af lokadagskrá Hinsegin daga sem lauk í gær.

Hápunktur Hinsegin daga var Gleðigangan á laugardaginn. Þar vakti það mikla athygli þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hélt þar ávarp fyrstur allra forseta. Guðni nýtti tækifærið í ávarpi sínu við gleðigönguna í gær til þess að hvetja alla til að taka sérstaklega á þeim fordómum sem enn þarf að glíma við í heimi íþróttanna.

Fordómarnir þykja djúpstæðir og nánast fáheyrir að atvinnuþróttamenn komi út úr skápnunum.

„Maður heyrir sögur af til dæmis strákum í handbolta eða jafnvel fótbolta sem þora ekki að koma út úr skápnunum í liðunum sínum og hætta frekar í íþróttinni til þess að koma út úr skápnunum,“ segir Bjarni Snæbjörnsson, sem situr í stjórn hinsegin íþróttafélagsins Styrmis. – srs/us



Brugðið á leik á Klambratúni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Fjölskyldudeilur héldu börnum frá skólasundi

Tvö börn á Þingeyri mættu hvorki í leikfimi né skólasund í eitt ár vegna deilna foreldra þeirra við baðvörðinn. Málið er á borði menntamálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis. Ömurlegt segir baðvörðurinn sem er hættur störfum.

SAMFÉLAG Tvö börn á Þingeyri mættu hvorki í leikfimi né skólasund í heilt ár vegna baðvarðar grunnskólans í bænum.

Miklar deilur hafa staðið milli foreldra barnanna og fjölskyldu baðvarðarins sem heitir Kristján Þ. Ástvaldsson. Kristján var kærður árið 2014 fyrir líkamsárás á móður barnanna en var sýknaður í héraðsdómi og í Hæstarétti. Í dóminum segir að lögreglustjórinn hafi ekki náð að sanna sekt Kristjáns.

Deilurnar hófust eftir að faðir barnanna lét yfirvöld vita af meintum tryggingasvikum Kristjáns. Í kjölfarið héldu foreldrar barnanna því fram að Kristján hefði ráðist á móðurina. Þá hafa ýmsar áskanir komið frá fjölskyldunum hvortar í garð annarrar.

Málið hefur farið víða en í dag er það á borði menntamálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis og Ísaffarðarbæjar. Einnig hafa lögregluvöld ítrekað haft afskipti af málinu. Þá hefur umboðsmaður barna mætt á Þingeyri og haft afskipti af málinu.

Kristján segir deilurnar hafa byrjað eftir að maður Mörtu hafi logið því að hann væri að svikja út bætur. Kristján hefur ávallt neitað því að hafa ráðist á móður barnanna.

„Þetta fólk hefur verið á móti mér í mörg ár og ég veit ekki af hverju. Þau hafa kallað mig ljótum nöfnum opinberlega og hafa reynt að ljúga ýmsu upp á mig, til að mynda reyndi hann að fá mig rekinn úr öðru starfi sem hafnarvörður með lygum. Þetta játaði hann fyrir dómi,“ segir Kristján sem er hættur sem baðvörður.

„Ég fæ annað starf hjá bænum. Bæjarstjórinn komst að þeirri



Í nokkur ár hafa staðið miklar deilur milli tveggja fjölskyldna á Þingeyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ég fæ ekkert að verja mig á meðan þessi lögreglustjóri er við völd.

Kristján Þ. Ástvaldsson, fyrrverandi baðvörður

niðurstöðu að það væri betra að ég væri ekki lengur í þessu starfi. Ég hef alltaf gert það sem bærinn biður mig um í þessu máli,“ segir Kristján. Að sögn Kristjáns hefur málið

tekið mikið á hann og fjölskyldu hans. Hann er tveggja barna faðir.

„Þetta hefur verið alveg ömurlegt en ég fæ ekkert að verja mig á meðan þessi lögreglustjóri er við völd,“ segir Kristján.

Skólastjórinn í grunnskólanum á Þingeyri vildi ekki tjá sig um málið en tók fram að hún reyndi alltaf að bera hag barnanna fyrir brjósti. Foreldrar barnanna vildu ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

nadine@frettabladid.is

KitchenAid

THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS



Seguldrifinn
blandari



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

PEUGEOT TIL BRIMBORGAR

Komdu í nýjan sýningarsal
Peugeot hjá Brimborg



NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT

Nýr sýningarsalur Peugeot á Íslandi er að Bildshöfða 8 í Reykjavík. Öll bílalína Peugeot er í boði hjá Brimborg með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar eru einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta. Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ómar segir hæpið að hin dæmdu í Geirfinnsmálinu hafi verið sek

DÓMSMÁL Frásögnin af Guðmundar- og Geirfinnsmálinu sem áður hefur verið tekin sem gild er hæpin. Þetta segir Ómar Ragnarsson. Frásögnina sem hann birtir í nýrri bók sinni, *Hyldýpinu*, segir hann trúverðugri.

„Já já, það þýðir það,“ svarar Ómar aðspurður hvort hópur ungmenna sem Hæstiréttur dæmdi sek í málinu hafi í raun ekki komið að því.

„Fyrir fjórtán árum komu að máli við mig tvær manneskjur sem eru aðalgerendur í þessari bók og reifðu aðra frásögn af því sem gerðist og útskýra mjög vel af hverju Geirfinnur hafi ekki fundist.“



Erla Bolladóttir, saksóknari, heldur ræðu fyrir dómnum.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Hver sá sem les getur dregið sínar ályktanir og spurt sig hvort þetta sé það sem gerðist.

Ómar Ragnarsson



Á þeim tíma hafði Ómar mikið að gera og lauk ekki bókinni sökum tímaleysis og týnds handrits. Hann hefur nýlega tekið þráðinn upp á ný og nú gefið hana út.

„Núna að undanförunu hafa birst upplýsingar sem gera þessa frásögn eins og hún var tekin gild enn hæpnari en hún var,“ segir Ómar og spyr hvort ekki þurfi að huga að því hvað gerðist í raun og veru ef hin frásögnin stent ekki.

„Ég get hvorki afsannað né sannað að þessi frásögn sé rétt en mér finnst hún trúverðug og hún gefur nýjan vinkel,“ segir Ómar. Lesendur verði að skera úr um það sjálfir hvort viðmælendur hans hafi komið að málinu með saknæmum hætti.

„Hver sá sem les getur sjálfur dregið sínar ályktanir,“ segir Ómar. – þea

Draga úr vægi verðtryggingar

STJÓRNMÁL Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra, segir að lögð verði fram frumvörp um verðtrygginguna og séreignasparnað á fyrstu dögum þingsins. Þetta segir hann í samtali við RÚV.

Hann segir frumvörpin vera part af stefnu ríkisstjórnarinnar og að stefnt sé á að klára þau fyrir alþingiskosningar í haust.

Sigurður Ingi segir að ekki sé unnið að afnámi verðtryggingarinnar en það frumvarp sem lagt verður fram á þinginu kæmi til með að draga úr vægi hennar til að mynda með því að auka möguleika á því að taka óverðtryggð lán.

Tímabundin úrræði vegna séreignasparnaðar renna út 1. júlí 2017 og frumvarp um séreignasparnað miðar að því að finna framtidarfyrirkomulag um séreignasparnaðinn. – srs



Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra

Tíu vélar vakta Dalvíkurhöfn

DALVÍK Taka á í notkun eftirlitsmyndakerfi til að vakta Dalvíkurhöfn.

Vefmyndavélar eiga að sinna öryggisgæslu allan sólarhringinn og efni geymt ef ske kynni að skoða þurfi einstök atvik eins og segir í tilkynningu frá Dalvíkurbyggð.

Unnin hafa verið ýmis skemmdarverk við höfnina síðustu misseri. Skemmdir hafa verið unnar á bátum og stölið úr þeim verðmætum.

Settar hafa verið upp tíu myndavélar og þegar verkinu lýkur verður hægt að fylgjast með höfninni á heimasíðu Dalvíkurbyggðar. – sa

Aðferðir stjórnmálaflokkanna við að velja á framboðslista

| | Reykjavíkurborg Norður | Reykjavíkurborg Suður | Suðvesturkjördæmi | Norðvesturkjördæmi | Norðausturkjördæmi | Suðurborg |
|--|---------------------------|--------------------------|-------------------|--------------------|------------------------|-------------|
| | Prófkjör | Prófkjör | Prófkjör | Prófkjör | Kjördæmaþing kys lista | Prófkjör |
| | Prófkjör | Prófkjör | Prófkjör | Prófkjör | Prófkjóri lokið | Prófkjör |
| | Uppstilling | Uppstilling | Óákveðið* | Prófkjör** | Búið að stilla upp | Uppstilling |
| | Kjördæmaþing kys lista | Kjördæmaþing kys lista | Óákveðið* | Óákveðið* | Óákveðið* | Óákveðið* |
| | Prófkjör** | Prófkjör** | Prófkjör** | Prófkjör** | Uppstilling | Uppstilling |
| | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling |
| | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling | Uppstilling |

*Kjördæmaþing VG og Framsóknar ákvarða aðferðir við val á lista síðar í mánuðinum **Flokksval og forval í tilfellum Samfylkingar og VG

Flokksvélarnar komnar í gang

Allir flokkar á Alþingi eru byrjaðir að búa sig undir komandi alþingiskosningar og eru mislangt á veg komnar. Það er sagt gera allan kosningaundirbúning erfiðari að dagsetning kosninganna liggur enn ekki fyrir.

STJÓRNMÁL Þrátt fyrir þá óvissu með dagsetningu Alþingiskosninga eru allir stjórnmálaflokkarnir byrjaðir að huga að kosningum.

Framsóknarflokkurinn er skemmt á veg kominn enda hafa sumir þingmenn hans haft uppi efasemdir um að æskilegt væri að kjósa í haust. Kjördæmasamband flokksins í Reykjavík er það eina sem hefur boðað til kjördæmaþings þar sem valið er á lista flokksins en það verður haldið í lok mánaðar. Kjördæmasamböndin í öðrum kjördæmum funda einnig síðar í mánuðinum til að ákvarða með hvaða hætti valið verði á lista.

Sjálfstæðismenn hafa boðað til prófkjara í öllum kjördæmum að norðausturkjördæmi undanskildu þar sem kjördæmaþing velur á lista. Niðurstaða prófkjara Sjálfstæðisflokksins liggja fyrir í byrjun september.

Búið er að kjósa á lista Pírata í norðausturkjördæmi en Einar Brynjólfsson, framhaldsskólakennari, leiðir lista Pírata þar. Þá eru prófkjör í öllum kjördæmum hjá Pírötum og liggja niðurstöður fyrir í ágústmánuði. Á höfuðborgarsvæðinu er fordæmalaus fjöldi framboðenda í prófkjóri Pírata en þeir eru yfir 100 talsins.

Ég held að þingstörfin geti ekki gengið eðlilega fyrir en kjördagur er kominn.

Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar



Samfylkingin heldur flokksval í öllum kjördæmum nema suður- og norðausturkjördæmum. Þar mun uppstillingarnefnd stilla upp á lista.

Stíllt var upp á lista Vinstri Grænna í norðausturkjördæmi, en Steingrímur J. Sigfússon leiðir listann. Þá er stíllt upp í Reykjavík og í suðurborg. Forval verður haldið í norðvesturkjördæmi og enn á eftir að ákvarða hvernig valið er á framboðslista í suðvesturkjördæmi.

„Við höfum verið með uppstillingarnefndir að störfum til að koma í veg fyrir þau bræðravíg sem fylgja prófkjörum,“ segir Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar en Björt framtíð og Viðreisn nýta uppstillingarnefndir til að velja á sína lista. stefanrafn@frettabladid.is



Beltone Legend™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is



Beimert fyrir iPhone, iPad og iPod touch. Beltone Legend™ er eitt af mörgum heyrnartækjum sem tengist beint í iPhone, iPad og iPod touch. Beltone Legend™ er eitt af mörgum heyrnartækjum sem tengist beint í iPhone, iPad og iPod touch. Beltone Legend™ er eitt af mörgum heyrnartækjum sem tengist beint í iPhone, iPad og iPod touch.

Sólarpakkar í ágúst!

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEIT RÝMINGARSALA Plúsfærða

ALICANTE
9. ÁGÚST
FLUG AÐRA LEIÐ
9.900 kr.

Dú færð þetta varla ódýrara! Vikuferð í sól á Kanarí á
aðeins 39.900 kr. – flug, hótél, taska, ofl. innifalið

Hefst í dag 8. ágúst kl. 12:00

og stendur í sólarhíng!

Fleiri dagsetningar og verðdæmi á plusferdir.is!

Mallorca

Vista Club ★★★

FRÁ: 54.900 kr.*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í
íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá 84.700 kr. á
mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 16. ágúst
7 nætur

Mallorca

Portofino/Sorrento ★★

FRÁ: 69.900 kr.*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í
íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá 102.900 kr. á
mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 23. ágúst
7 nætur

Kanarí

Teneguia ★★

FRÁ: 39.900 kr.*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn
í íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá 49.900 kr. á
mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 17. ágúst
7 nætur

Kanarí

Montemar ★★

FRÁ: 49.900 kr.*

á mann m.v. tvo fullorðna og þrjú börn í
íbúð með tveimur svefnherb.
Verð frá 59.900 kr. á
mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 24. ágúst
7 nætur

Benidorm

Bali ★★★★★

FRÁ: 89.900 kr.*

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í
tvíbýli MEÐ HÁLFU FÆÐI.
Verð frá 118.900 kr. á
mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 16. ágúst
7 nætur

Brottfarir á betra verði

Kanarí
10., 17., 24. og 31. ágúst
Mallorca
9., 16., 23. og 30. ágúst
Almería
11. ágúst og 1. sept
Benidorm, Albír og Alicante
9., 12., 16 og 26. ágúst
Tenerife
13. og 20. ágúst

FLUG
AÐRA LEIÐ
MEÐ TÖSKU

MALLORCA
9. ágúst
9.900 kr.

KANARÍ
17. ágúst
9.900 kr.

KANARÍ
24. ágúst
19.900 kr.


ALICANTE
9. ágúst
9.900 kr.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

Bókanlegt á netinu og gildir
aðeins fyrir nýjar bókanir.

* innifalið: Flug, skattar, gisting, taska og fararstjórn.



Undirritun viljayfirlýsingar Klappa og NEC síðasta sumar.

MYND/KLAPPÍR DEVELOPMENT

Ekki gengið að fá orku í skagfirskt álver

VIÐSKIPTI Áform um álver við Hafurstaði í Skagabyggð eru í biðstöðu þar sem ekki hefur verið unnt að tryggja orku fyrir álverið. Ingvar Unnsteinn Skúlason, framkvæmdastjóri Klappa Development ehf., sem er meðal þeirra sem standa að verkefninu, segir að fundað hafi verið með orkufyrirtækjum en eins og sakir standi sé nægjanleg orka ekki á lausu. „Við erum að bíða eftir því að orkufyrirtækin telji sig geta selt orku.“

Áætlað er að byggja 120 þúsund tonna álver og orkuþörfin er 206 megavött. Síðasta sumar var undirrituð viljayfirlýsing milli Klappa og kínverska félagsins NFC um fjármögnun verkefnisins þar sem áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar var um 100 milljarðar króna. –ih

Milljón mótmælti Gulen



Rúmlega milljón Tyrkja hélt á Kizilay-torg í höfuðborginni Ankara í gær til að mótmæla útlæga klerknum Fetullah Gulen. Forseti Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, hefur sagt Gulen standa að baki valdaránstílraun sem gerð var þann fimmtánda júlí. Skorað var á Gulen, sem er í útlegð, að hann skyldi virða lýðræðið. Fundurinn stóð langt fram á nótt. Í ávarpi sínu sagði Erdogan meðal annars að heimila ætti dauðarefningar. NORDICPHOTOS/AFP

Skagfirðingar æfir yfir rammaáætlun

Meirihluti byggðaráðs Skagafjarðar segir ólíðandi með öllu að íbúar svæðisins fái ekkert um framtíð sína að segja og vill virkja í Skagafirði. Fulltrúi minnihlutans í byggðaráðinu var andvígur bókuninni og sagði inntak hennar „öfugsnúið“ og hafa „ólundarlegt yfirbragð“.

ORKUMÁL Meirihluti byggðaráðs Skagafjarðar telur að í drögum að lokaskýrslu verkefnastjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar sé lögum ekki fylgt, rangt farið með staðreyndir, ekki hlustað á raddir heimamanna og að málið sé ekki rannsakað til hlítar.

„Sveitarfélagið Skagafjörður krefst þess að þau virkjunaráform í Skagafirði sem sett hafa verið í verndarflokk verði í það minnsta flutt í biðflokk enda er þeirri grein-ingarvinnu sem liggja á til grundvallar ábótavant,“ segir í bókun sem Stefán Vagn Stefánsson og Sigríður Svavarsdóttir samþykktu.

Bjarni Jónsson, minnihlutamaður í VG, og Sigurjón Þórðarson áheyrnarfulltrúi voru andvígir og segja þeir



Margir virðast mjög óánægðir með drög að skýrslu þriðja áfanga rammaáætlunar.

inntak kvartana meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks snúa að því að ekki hafi verið haft samráð við heimamenn.

„Það er verulega öfugsnúið og í raun furðulegt í ljósi þess að meirihlutinn hefur ekki haft fyrir því að hafa samráð við fulltrúa minnihluta um þá umsögn sem nú birtist og hefur á sér fremur ólundarlegt yfirbragð,“ bókðu Bjarni og Sigurjón.

Meirihlutinn telur að ekki hafi verið skoðuð hagræn áhrif virkjana í Skagafirði á heimabyggð. Aðeins voru skoðuð áhrif á náttúru og menningarmínjar og aðra nýtingarmöguleika en orkuöflun.

„Þá er verulega ámælisvert að mat fyrrgreindra faghópa á áhrifum mögulegra virkjana í Skagafirði

virðist í mörgum tilfellum ekki stutt rökum heldur byggt á einhvers konar huglægu mati,“ segir meirihlutinn sem tekur undir orð Orkustofnunar að rökum sé slengt fram án þess að fótur sé fyrir þeim.

Bent er á að meirihluti íbúa Skagafjarðar og einnig þeirra sem búa í námunda við fyrirhugaða virkjunarkosti í Skagafirði vilji virkja og nýta raforku í heimabyggð.

„Ekki virðist eiga að hlusta á þessi sjónarmið meginþorra íbúa þegar tekin er ákvörðun um að setja virkjanakosti í Skagafirði í verndarflokk. Það er ólíðandi með öllu að íbúar fái ekkert um framtíð sína eða síns svæðis að segja,“ segir í harðorðri bókun byggðaráðs.

sveinn@frettabladid.is

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

STÓRGLÆSILEGUR JEPPI BÚINN NÝJU **SKYACTIV** FJÓRHJÓLADRIFI



MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda CX-5 jeppinn ber af í sínum flokki enda stórglæsilegur á að líta og búinn öllu því besta frá Mazda. Með byltingarkenndri SkyActiv tækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórna afli eða viðbragði - enda er framúrskarandi akstursupplifun eitt aðalsmerki Mazda. Ný kynslóð SkyActiv fjórhjóladrifs gerir Mazda CX-5 rásfastari og enn sprækari. Að komast leiðar sinnar verður leikur einn.

Mazda CX-5 AWD hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju aðlögunarhæfu LED framljósir veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Ný innrétting og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður upp á GPS vegaleiðsögn, handfrjálstan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

Komdu og reynsuaktu Mazda CX-5 AWD

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingunni.



Öruggur staður til að vera á

Ferðakynning:

Glæsileg sérferð til Singapúr og Balí og sigling og ferð til New Orleans



Guðrún Bergmann fararstjóri kynnis ferðirnar í Skógarhlíð 12, á morgun þriðjudag kl. 17:30.

Gengið inn neðan við húsið, gegnt Hlíðarenda.

Guðrún Bergman



Flogið með Icelandair



VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



Tuttugu fórust í flóðum í Makedóníu

MAKEDÓNÍA Að minnsta kosti tuttugu fórust í miklum flóðum sem skulu á Skopje, höfuðborg Makedóníu, aðfararnótt gærdagsins. Gríðarleg rigning var í borginni og olli hún flóðunum.

Lík hinna látnu fundust í gærmorgun þegar stormurinn hafði gengið yfir en nokkurra er enn saknað. Sumir drukknuðu inni í bifreiðum sínum en þegar flóð skall á hringvegi borgarinnar skuluðust bílar af veginum.

Alls féllu 93 millimetrar regnvatns sem er meira en féll allan ágústmánuð í fyrra. Sums staðar í borginni náði vatnið allt að 150 sentímetra dýpi.

„Það var allt í rugli. Sjónvörp, ísskápar, sófar. Allt var á floti. Þetta var algjör martröð,“ sagði Baze Spriovski, íbúi Skopje, við fréttastofu BBC.

Mörg heimila eru enn rafmagnslaus og þá greinir BBC frá því að mörg hús hafi hrundið. – þea



Mikil rigning skall á Skopje. NORDICPHOTOS/AFP

Sérstakt mansalsteymi hjá Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun hefur komið upp sérstöku teymi þriggja manna sem annast mansalsmál. Þeir fræða starfsfólk meðal annars um einkenni mansalsfórnarlamba. Náið samstarf er við lögreglu sem leggur mikla áherslu á mansalsmál.

FÉLAGSMÁL „Við trúum því að þetta sé skref í rétta átt og reynum að tryggja að þessi mál komist í viðeigandi farveg,“ segir Gísli Davíð Karlsson, lögfræðingur hjá Vinnumálastofnun, en stofnunin hefur komið upp sérstöku teymi sem sér um mansalsmál.

Í teyminu starfa þrjú starfsmenn sem sjá um að tryggja fræðslu fyrir starfsfólk stofnunarinnar. Það er gert til að starfsmenn hafi næga þekkingu til að taka eftir þeim atriðum sem þarf að sjá til að átta sig á hvort um fórnarlömb mansals er að ræða.

Hins vegar ber teymið ábyrgð á því að taka við af starfsmönnum stofnunarinnar ef grunur vaknar um hugsanlegt fórnarlamb.

„Hvort sem það er þá skjólstaðingur okkar eða til að mynda einstaklingur í atvinnuleit eða útlendingur sem starfar hjá atvinnurekanda á innlendum vinnumarkaði,“ segir Gísli Davíð.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að nýjar áherslur væru hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en nú vinnur lögreglan í samstarfi við Europol sem lætur henni í té upplýsingar um helstu áherslur í löggæslu í Evrópu hverju sinni.

Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, sagði að í dag væri mikil áhersla lögð á mansalsmál og er það meðal annars ástæðan fyrir því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti upp sérstaka einingu sem sér um mansalsmál.

Snorri Birgisson lögreglufulltrúi starfar í því teymi og segir það nú vinna náið með ýmsum stofnunum í mansalsmálum. Til að mynda eigi teymið nú gott samstarf við Vinnumálastofnun.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa komið upp þrjú tilfelli hjá stofnuninni frá því í nóvember á síðasta ári þar til í apríl á þessu ári, þar sem grunur hefur vaknað um að aðstæður séu verulega óviðundandi í fyrirtækjum hér



Vinnumálastofnun rannsakaði þrjú möguleg mansalsmál á fimm mánuðum frá nóvember til apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Nú tryggjum við að þessi mál komist í viðeigandi farveg.

Gísli Davíð Karlsson, lögfræðingur hjá Vinnumálastofnun



landi. Í einu þessara tilvika vaknaði sterkur grunur um mansal

„Efslíkur grunur vaknar þá óskum við eftir aðstoð lögreglu. Nú tryggjum við að þessi mál komist í viðeigandi farveg,“ segir Gísli og bætir við að þekking á þessu sviði sé að aukast.

Að sögn Gísla hefur aukin þekking og umræða haft í för með sér að fólk tekur meira eftir mansalsmálum.

„Erlendum starfsmönnum fjólgar miknið hér á landi og það er mikil uppbygging í gangi á Íslandi. Það býður ákveðinni hættu heim,“ segir Gísli Davíð Karlsson.

nadine@frettabladid.is

Mikil skekkja í framfærslu námsmanna

MENNTAMÁL Lán til íslenskra námsmanna í tuttugu fjölmennustu löndum meðal umsækjenda LÍN voru að meðaltali um tuttugu prósent umfram framfærsluþörf við gerð úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2014 til 2015. Lán voru allt að 63,7 prósent umfram þörf í Austur-Evrópu, en einungis 3,1 prósent í Kaupmannahöfn, og 1,1 prósent í Noregi. Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Svandís Svavarsdóttur um breytta framfærslu námsmanna erlendis.

Fram kemur í svarinu að megin-skýringin á þessari skekkju sé sú að þegar námslán voru hækkuð



Í að minnsta kosti sjö löndum voru lánin lægri en framfærsluþörf, segir í svari Illuga Gunnarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um tuttugu prósent í kjölfar efnahagshrunsins hafi sú hækkun náð til allra námsmanna, einnig þeirra sem stunduðu nám erlendis. Þetta var gert þrátt fyrir að framfærsluviðmið LÍN væru í mynt viðkomandi lands. Gengisfall krónunnar kom því ekki með sama hætti við námsmenn erlendis og hér á landi.

Ljóst var að verulega hefði hallað á námsmenn á Íslandi í lánveitingum sjóðsins. Ákveðið var því að leiðrétta skekkjuna erlendis í áföngum. Framfærsla var lækkuð um allt að tíu prósent í úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2015 til 2016, allt að tuttugu prósent í úthlutunarreglum ársins 2016 til 2017 og verður lækkuð nú í vetur þar sem þörf er á. – sg





Bluetooth heyrnatól

Verð .5.900

Noise Reduction, þráðlaus, handfrjál, innbyggður míkrofónn

Blackview Omega Pro 5.0"

Verð 36.000

HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP

Hurricane bluetooth heyrnatól

Verð 8.900

Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður míkrofónn

Blackview 5.0" Quad Core

Verð 16.900

5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort

Sími / Snjallúr bluetooth

Verð 7.900

Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá



Bow fronted stofuskápur - verð 297.000

Tilboð 237.000

eða 20.846 kr á mánuði

Stærð 180 x 50 sm - h. 210 sm



Classico sófasett - ekta leður - verð 437.000

Tilboð 370.000

eða 32.318 kr á mánuði

Sófi 198 sm - stóll 102 x 89 sm h. 87 sm



French Curio - verð 165.000

Tilboð 105.000

eða 9.461 kr á mánuði

Stærð 70 x 40 sm - h. 190 sm



Sjónvarpsskápur - verð 242.000

Tilboð 194.000

eða 17.138 kr á mánuði

Stærð 180 x 45 sm - h. 60 sm



Sófaborð með skúffur - verð 93.000

Tilboð 67.000

eða 6.184 kr á mánuði

Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm



Hliðarborð - verð 79.000

Tilboð 63.000

eða 5.839 kr á mánuði

Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm



Innskotsborð - verð 57.000

Tilboð 48.000

eða 4.545 kr á mánuði

Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm



Carrera lyftistóll - verð 159.000

Áklæði - tilboð 119.000

eða 10.669 kr á mánuði

Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm



Carrera hægindastóll - verð 139.000

Ekta leður - tilboð 99.000

eða 8.944 kr á mánuði

Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm



Rubelli hægindastóll - verð 89.000

Áklæði - tilboð 69.000

eða 6.356 kr á mánuði

Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm



Sheraton stóll - verð 48.000

Tilboð 56.000

eða 5.235 kr á mánuði

Stærð 75 x 50 sm - h. 75 sm



Chippendale stóll - verð 49.000

Tilboð 39.000

eða 3.769 kr á mánuði

Stærð 55 x 45 sm - h. 105 sm

12 mán. vaxtalaust - Upphæðir miðast við raðgreiðslur með kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald

Þjóðarhagur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er stórmerkilegt að fylgjast með tilraunum Færeyinga til að bjóða út fiskveiðikvóta í stað þess að úthluta honum til ríkjandi útgerðarféлага. Útboð kvóta gengur út frá þeirri grunnforsendu að hámarka arð þeirra sem eiga auðlindina, í þessu tilviki fiskinn á færeyskum miðum, en ekki virðist velkjast fyrir mörgum að eigandinn er færeyska þjóðin. Þrátt fyrir einhverja minniháttar byrjunarörðugleika virðist sem tilraunin gangi vel og hafi þegar aukið hagnað Færeyinga af auðlindinni svo miklu munar.

Það hlýtur auðvitað að vera okkur Íslendingum hvatning til þess að láta reyna á hið sama og auka arðinn af auðlindinni sem er eign þjóðarinnar. Það voru því mikil vonbrigði að sjá og heyra svör þeirra Gunnars Braga Sveinssonar sjávarútvegsráðherra og Jóns Gunnarssonar, formanns atvinnuveganefndar Alþingis, við fyrirspurn fréttastofu RÚV þess efnis hvort ekki mætti láta reyna á að bjóða upp fiskveiðikvóta Íslendinga. Báðir þvertóku fyrir slíkar hugmyndir á þeirri forsendu að slíkt kæmi til með að leiða til samþjöppunar í greininni og auka líkur á að útlendingar eignist mikinn hluta aflaheimilda.

Vandinn er að þegar betur er að gáð þá halda þessar skýringar ekki vatni. Eins og Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, og Einar Gautur Steingrímsson hafa báðir bent á þá eru í gildi lög á Íslandi um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri sem koma í veg fyrir slíka þróun í íslenskum sjávarútvegi. Auk þess má leiða að því líkur að með útboði á fiskveiðikvóta megi fremur setja samþjöppun skorður, langt umfram það sem virðist vera tilfellið í dag. Með vönduðu regluverki fyrir útboð mætti svo einnig efla hag byggðarlaga sem á þurfa að halda og stuðla þannig að blómlegu atvinnulífi sem víðast um landið.

Þessar staðreyndir vekja því nýjar og alvarlegri spurningar en þær sem beindust upprunalega að Gunnari Braga Sveinssyni og Jóni Gunnarssyni. Eru þeir Gunnar Bragi og Jón Gunnarsson í störfum sínum ekki að vinna fyrir þjóðina? Fylgir því ekki sú sjálfsgæða og eðlilega krafa að þar með vinni þeir að hagsmunum þjóðarinnar allrar? Er ekki betra fyrir ríkissjóð og þar með þjóðina að fá meira en minna fyrir fiskinn? Ef svörin eru neitandi hlýtur það að vekja spurningar um það fyrir hvern þeir eru þá að vinna. Hverra hagsmuna er verið að gæta?

Það kann að vera að einhver liti svo á sem þessi framsetning sé einföldun á stóru máli. En staðreyndin er að viðkvæðið „þetta er nú flóknara mál en svo“ og aðrir slíkir frasar eru einmitt dregnir fram í umræðuna til þess að gera almenningi erfiðara um vik að átta sig á stóðu mála. Til þess að letja fólk til þess að setja sig inn í staðreyndir sem reynast oftast en ekki einfaldari en ráðamenn hverju sinni hafa látið að liggja. Ráðamenn þurfa alltaf að muna að þeir eru í vinnu hjá fólkinu í landinu og því er með öllu óásættanlegt að þeir hlúi að hagsmunum stakra hópa í atvinnulífinu umfram þjóðarhag.



Fylgir því ekki sú sjálfsgæða og eðlilega krafa að þar með vinni þeir að hagsmunum þjóðarinnar allrar?

Halldór



Frá degi til dags

Hinsegin virðulegheit

Sagt er að nýr tónn væri sleginn í orðræðu forseta eftir innsetningarræðu Guðna Th. Jóhannessonar í síðustu viku. Það tók ekki langan tíma fyrir Guðna að slá annan tón í umræðuna en hann var fyrsti forseti Íslands til að taka þátt í gleðigöngunni um helgina og hélt þar ágætis ávarp með regnbogabindi um hálsinn. Ólafur Ragnar Grímsson var ávallt virðulegur í embætti forseta en ljóst er að Guðni ætlar að ljá embættinu öðruvísi virðulegheit. Reikna má með að hann verði afar alþýðlegur í fasi sem forseti líkt og hann hefur sýnt fram á fyrstu viku sína í embætti.

House of cards í Arnarnesinu

Mbl.is greindi frá því síðastliðinn föstudag að utanríkisráðherra og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, væru á „leynifundi“ heima hjá formanni Framsóknarflokksins á Arnarnesinu. Ekkert er vitað um innihald fundarins en netverjar bentu á að fundurinn í Arnarnesinu var haldinn í kjölfar þess að landsstjórn Framsóknar ákvað að boða til miðstjórnarfundar í næsta mánuði til að geta boðað til flokksþings í haust þar sem kosið yrði um forystu flokksins. Linurnar virðast vera að skýrast innan Framsóknarflokksins og hnífarnir brýndir. stefanrafn@frettabladid.is

Tvær stuttar ferðasögur um einkarekna hjartaspítala



Ólafur Ólafsson
fyrirverandi
landlæknir

Fyrir rúmum 30 árum var mér sem landlæknir boðið í tvær ferðir til að skoða hjartaspítala. Sú fyrri var til Glasgow til að skoða nýjan 300 rúma hjartaspítala. Skömmu síðar þurfti ég að sækja fund í London, þáði því boðið og millilenti í Glasgow. Þar beið bílstjóri og ók mér í Rolls Royce á sjúkrahúsið.

Forstjórinn tók á móti mér og sýndi mér sjúkrahúsið. Þar störfuðu 10-15 sérfræðingar í hjartalækningum, flestir frá Bandaríkjunum. Forstjórinn hafði skrifað flestum Evrópuþjóðum og boðið þeim að senda til sín hjartasjúklinga til meðferðar. Að hans sögn gekk hefurinn vel.

Ég gekk í gegnum sjúkrahúsið og heilsaði nokkrum læknum en sýndist sem fáir sjúklingar væru þar. Forstjórinn bauðst til að taka á móti sjúklingum frá Íslandi. Ég tjáði forstjóranum að á Íslandi væri verið að byggja upp hjartaskurðeild og lofði hún góðu. Síðan kvaddi ég og var ekið til flugvallarins.

Á leiðinni ræddi ég nokkuð við bílstjóran og spurði um spítalann. Bílstjórinn tjáði mér stuttlega að það væri búíð að segja honum upp starfinu og væru Sádi-Arabar búnir að taka yfir spítalann. Flestir sjúklingarnir höfðu komið frá Sádi-Arabíu en aðeins örfáir frá Evrópu. Nokkrum vikum síðar kom frétt í skoskum blöðum um að búíð væri að loka spítalanum.

Síðari ferðin var áætluð til Írlands til að skoða hjartaspítala. Lítið varð úr þeirri ferð því spítalinn var aldrei opnaður. Á embættisferli mínum voru mér kynnt þrjú atvik svipuð þeim sem hér hefur verið lýst.

Sannleikurinn er sá að vel efnað fólk hvar sem það býr fær ætíð videigandi lækni meðferð. Almenn-ingur sem ekki hefur efni á dýrum einkatryggingum fær oftast ekki videigandi lækni meðferð nema hann njóti almennra trygginga. Einkareknir hjartaspítalar bjarga að minnsta kosti ekki þessu fólki.



Nokkrum vikum síðar kom frétt í skoskum blöðum um að búíð væri að loka spítalanum.

Chris Norman
upprunalegi söngvari
Smokie

Stórtónleikar
í Eldborg
17. september
Miðasala er hafin

DÆGURFLUGAN
CN HARPA

Íþrótt vamma fyllt

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Egill Skallagrímsson, frumskáld okkar Íslendinga, þakkar í Sonatorreki sínu Óðni fyrir „íþrótt vamma firrða“, hina vammlausu íþrótt. Hann lagði kannski ekki nútímaskilning í orðið „íþrótt“, en hvað veit maður svo sem; hann stundaði um sína daga ýmsar íþróttir eins og lesa má í sögu hans, og ekki beinlínis vammlausar allar – til dæmis varð knattleikiöldkun hans á barnsaldri tilefni til hans fyrstu mannvíga af því að honum líkuðu ekki blygðunarlausir yfirburðir mót-herjans, enda sjálfur „kappsamur mjög og reiðinn“. Þá var hann sjö ára. Það skánaði lítið skapið með aldrinum.

Skáldamót?

Nema þegar hann orti. Þar var hann skástur og næstum eins og maður. Í skáldskapnum sjáum við glitta í sál, tilfinningar, mannúð, mýkt, næmleik og glettni. Egill Skallagrímsson hefði verið eins og hvert annað ómenni ef ekki hefði verið fyrir skáldskapinn, íþrótt vamma firrða.

Gaman að geta þess að það var raunar keppt í ljóðagerð á Ólympíuleikum fram yfir seinna stríð, þótt ekki fari sögum af vinningsljóðunum lengur. Það segir auðvitað ekki allt; varla muna aðrir en ryksæknustu íþróttasagnfræðingar almennt eftir því hverjir sigruðu í bogfimi á skautum á árunum fyrir stríð eða fimmtánhundrað metra pokahlaupi eða hverju sem fólk var nú að keppa í á Ólympíuleikum gegnum tíðina.

Mikið væri gaman að sjá keppt í yrkingum, til dæmis á Landsmóti Ungmennafélaganna. Maður færir aldeilis á slíkt skáldamót. Þá mætti hugsa sér ýmsar greinar: keppni í ítalskri sonnettu með fyrirframingnum yrkisefnum og þremur líkingum; hexametri án atrennu um sögulegt efni, og í leonískum hætti í heimsádeilustíl – eða órímuðu ljóði í fimm línur um haustið með einni metaforu – að ógleymdum öllum rímnaháttunum: þeir eru í sjálfu sér heilt íþróttamót. Kona á peysufötum myndi stjórna – kallast „edda“ – og í stað þess að segja hátt „Stigið!“ myndi hún hefja þrjón á loft og segja „Yrkið!“

Í sjálfu sér

Er ekki tóm vitleysa að gera svo eindregna aðgreiningu íþróttar og lista? Skilgreining á list þegar ég var krakki hljóðaði upp á að þar væri um að ræða mannlega iðju sem hefði nota-

gildi sitt í sjálfri sér; við búum til skál til að geyma ávexti og svo búum við til skál sem hrindir frá sér öllum ávöxtum jafnharðan; er bara þarna; og er þá ílátið orðið að listaverki.

Hið sama gildir um vel heppnaða íþróttaviðburði á borð við Brennó eða Yfir við gamla fjósið í Karfavoginum á mínum leikárum – og líka alla þessa boltaleiki sem við fylgjumst mörg hver áfjád með og borgum fólk há laun til að stunda af listfengi; rétt eins og við borgum listamönnum fyrir að iðka sínar kúnstir fyrir okkur.

Öll dýr stunda sínar sérstöku íþróttir sem hafa notagildi sitt fölgjar í sjálfum sér; fuglarnir taka kollsteypur og svifa í ólýsanlegum bogum um loftin blá en kóngulóin spinnur sinn fagra vef og er með sérstöku sniði hjá hverri og einni, eins og lopapeysan hjá íslenskum konum; hin íslenska húsfluga stundar þá áhættusæknu jadaríþrótt að reyna að komast eins mikið ofan í vitin á sofandi manneskju og mögulegt er án þess að tyna lifinu



En heilbrigður líkami er líka óbrjáláður af of einhæfri þjálfun tiltekinna einangraðra eiginleika. Það getur naumast verið nokkrum manni hollt að vera til dæmis alltaf í þristökki, sem allir sjá hversu fáránleg aðferð er við að koma sér á milli tveggja staða ...

en kisa brýnir klærnar á forboðnum stólsetum; hundurinn hleypur, hesturinn stekkur – og kýrnar leika við hvurn sinn fingur. En mennirnir – þeir halda landsmót og ólympíuleika þar sem þeir stökkva og hlaupa, grýta þungum hlutum og eltast við bolta. Og sumt fólk gerir þetta af slíku listfengi að aðrir menn hafa yndi af því að horfa á það.

Það er fallett. En takmörk eru samt fyrir því hversu miklu á að kosta til við þá iðju. Eins gaman og það getur verið að fylgjast með vel þjálfuðu fólk gera sitt besta til að ná einhverjum uppdiktuðum markmiðum þá verður að segjast að æ meira í nútíma-íþróttum verkar á mann eins og afkáraskapur; ekki endilega út af tilgangssleysi þess að henda kúlu eða stökkva þristökk því að eins og Steinn benti okkur á þá er tilgangssleysið nú einu sinni „lífið sjálf“, heldur einmitt út af hinu; þegar reynt er troða tilgangi inn í íþróttaiðkunina; og eiga þá keppendur að varpa ljósi á ágæti einhvers þjóðskipulags eða jafnvel þjóðernis; þeim er þá byrðuð alls kyns ólyfjan á borð við stera sem æra þá og afskræma, eingöngu fyrir stundarángur. Í þeim tilvikum er hægt að tala um íþrótt vamma fyllta.

„Mens sana in corpore sano“ sögðu Rómverjar, „heilbrigð sál í hraustum líkama“. Þetta er góð áminning um jafnvægi sálar og líkama og það hvernig okkur ber

að rækta hvort tveggja með gagnkvæmri hlíðsjón. Lýsingarorðið sanus þýðir ekki bara heilbrigður heldur líka skynsamur, eðlilegur – óbrjáláður, í sjálfum sér.

Hvernig er heilbrigður og óbrjáláður líkami? Hann er eðli sínu samkvæmur. Hann er eins og hann kemur af skepnunni, náttúrulegur – hann er „í formi“ og vöðvarnir starfa eins og náttúran ætlaði þeim, því að okkur er eiginlegt að hreyfa okkur hæfilega. Hann er óskemmdur af of einhliða mat eða óhóflegu áfengi, of einhliða hreyfingu eða hreyfingarsleysi – slíkt hirðuleysi um líkamann bitnar á sálinni, sem í orðræðu nútímans er aldrei nefnd annað en „sálartetrið“ eins og hún sé eitthvað grey en ekki okkar dýrasta eign. En heilbrigður líkami er líka óbrjáláður af of einhæfri þjálfun tiltekinna einangraðra eiginleika. Það getur naumast verið nokkrum manni hollt að vera til dæmis alltaf í þristökki, sem allir sjá hversu fáránleg aðferð er við að koma sér á milli tveggja staða ...

www.ils.is

569 6900

08:00 – 16:00

Nýtt kerfi sem hjálpar þér af stað



Íbúðalána sjóður

Stofnframlög fyrir almennar íbúðir

Samkvæmt nýjum lögum um almennar íbúðir er Íbúðalána-sjóði falið að sjá um veitingu stofnframlaga ríkisins. Markmið laganna er að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við fyrstu kaup og tryggja aukið framboð af hagkvæmum leiguíbúðum.

Stofnframlög ríkisins munu nema 18% af stofnvirði eignarinnar og framlag sveitarfélags 12% – og getur falist í niðurfellingu á gjöldum sveitarfélags. Eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags er að umsækjandi hafi þegar fengið samþykkt stofnframlag hjá sveitarfélagi.

Stofnframlagið getur verið veitt til húsnæðissjálfsagnarstofnana, sveitarfélaga, lögaðila í eigu sveitarfélaga og annarra lögaðila.

Opnað verður fyrir umsóknir hjá Íbúðalánasjóði fljótlega. Frekari upplýsingar á www.ils.is.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855

www.hustelag.is

hustelag@hustelag.is



Irena braut blað í íslenskri íþróttasögu

Í loftköstum Irena Sazanova varð í gær fyrst íslenskra kvenna til að taka þátt í fimleikum á Ólympíuleikum. Irena keppti í fjölþraut en komst því miður ekki í úrslit. Irena fékk samtals 53.200 stig fyrir æfingarnar sínar en hún stefndi að því að ná 54.000 stigum. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Ekki uppskrift Íslendingsins

Þórir Hergeirsson segir að það sé ekki einhver taktik að tapa fyrsta leik á stórmóti því norsku stelpurnar hafa svo oft byrjað illa en endað mjög vel á þessum stóru mótum kvennahandboltans. Það gerðist á leiðinni að Ólympíugullinu fyrir fjórum árum og aftur um helgina í fyrsta leik á Ólympíuleikunum í Ríó.



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is


HANDBOLTI Þórir Hergeirsson hefur á síðustu tveimur árum gert norska kvennalandsliðið að bæði heims- og Evrópumeisturum og nú eiga norsku stelpurnar möguleika á því að vinna þriðja Ólympíugullid í röð.

Þórir var aðstoðarþjálfari þegar fyrsta Ólympíugullid vannst í Peking 2008 en var orðinn aðalþjálfari fyrir fjórum árum í London.

Norsku stelpurnar byrjuðu handboltakeppni Ólympíuleikanna í Ríó ekki vel því þær töpuðu með þriggja marka mun á móti heimakonum í Brasilíu snemma á laugardagsmorguninn. Það var mikil stemning á leiknum og miðað við frammistöðu brasilíska liðsins þá getur það farið langt á mótinu.

Þórir gagnrýndi sérstaklega markverði sína fyrir frammistöðuna í leiknum á móti Brasilíu. Brasilíska liðið skoraði 31 mark og hvorugur markvörður norska liðsins fann fjölinna sína.

„Það vantaði mikið varnarlega og markvörslu hjá okkur í þessum leik. Það er óvenjulegt að við séum að verja aðeins 23 til 24 prósent skotanna. Það er ekki nógu gott. Vörnin var í sjálfu sér nógu góð og við eigum því að fá fleiri varða bolta því þá vex vörnin líka,“ sagði Þórir eftir leik.



Stelpurnar hans Þóris töpuðu fyrsta leik sínum á ÓL. FRÉTTABLAÐID/ANTON

» Vinni Noregur gull í Ríó nær Þórir því í annað sinn að vinna öll þrjú stóru mótin í einni röð. Það gerðu þær líka undir hans stjórn 2010-12.

» Norsku stelpurnar hafa þrisvar unnið gull undir stjórn Þóris eftir að hafa tapað fyrsta leik á mótinu, HM 2011, ÓI 2012 og HM 2015.

Brasilíska liðið var morgunhressst og var komið með fjögurra marka forskot í fyrri hálfleik. Brasilíska áhorfendurnir settu það ekki fyrir sig að leikurinn fór fram svo snemma morguns

og norska liðið spilaði ekki bara á móti sjö Brössum inn á vellinum heldur einnig þúsundum í stúkunn. Brassar hafa trú á þessu skemmtilega liði sínu sem vann gull á HM 2013 með nánast sama lið.

Þeim sem þekkja til norska liðsins hafa eflaust ekki miklar áhyggjur af þeim norsku þrátt fyrir tap í fyrsta leik. Liðið tapaði fyrsta leik á ÓL í London en kom síðan til baka og vann gullid. Norska liðið varð líka heimsmeistari í desember síðastliðnum þrátt fyrir að hafa tapað fyrsta leik. Þá má einnig rifja það upp að þegar norsku stelpurnar unnu sitt fyrsta HM-gull undir stjórn Þóris þá töpuðu þær einnig sínum fyrsta leik. Sú heimsmeistarakeppni fór einmitt fram í Brasilíu fyrir tæpum fimm árum síðan.

„Það er ekkert sem er planað. Brasilía er bara erfiður andstæðingur og eitt besta liðið í heiminum í dag. Þær eru með geysilega reynslu og helmingurinn af liðinu spilaði á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og næstum því allar voru með í London,“ segir Þórir og bætir við. „Þær eru búnar að vera saman lengi, eru með rosalega sterkt lið og það er engin spurning um að þetta lið er medalíukandidat. Ef þú ert ekki að spila betur varnarlega en við gerðum í dag þá vinnur þú ekki á móti svona liði,“ segir Þórir. Hann neitar því þó ekki að bæði hann og norsku stelpurnar þekki þessa stöðu og það hvað þarf til ef liðið á að vinna sig inn í mótið.

„Það er gott að vita að við höfum komið til baka eftir tap í fyrsta leik. Við höfum mjög mikinn liðsanda og við eigum eftir að koma til baka. Það er samt ekki nóg að segja: „Við byrjum illa og svo bara kemur þetta.“ Þetta kemur ekki af sjálfu sér heldur er þetta mikil vinna,“ segir Þórir.

Hann er heldur ekkert að hugsa um einhver verðlaun strax enda kannski engin ástæða til þegar liðið hans stendur uppi stigalaust eftir fyrsta leik.

„Við ætlum fyrst að koma okkur í bikarleikina. Við þurfum að komast í átta liða úrslit og það er aðal málið núna,“ sagði Þórir. Fyrsta skrefið er leikur á móti Spáni í dag. Spænska liðið sýndi að þar fer öflugt lið en þær spænsku unnu Svartfjallaland í fyrsta leik sínum.

Nýjast**Pepsi-deild karla**

Víkingur Ó. - ÍBV 0-1
0-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (4.).

Gunnar Heiðar kom inn í byrjunarliðið og tryggði Eyjamönnum sinn fyrsta sigur síðan 4. júní. Ólsarar eru búnir að tapa fjórum leikjum í röð.

Fylkir - Valur 2-2

0-1 Kristinn Ingi Halldórsson (35.), 1-1 Albert Brynjar Ingason (50.), 1-2 Kristinn Freyr Sigurðsson (69.), 2-2 Garðar Jóhannsson (81.).

Valsmenn hafa enn ekki unnið útileik á tímabilinu. Þeir komust í tvígang yfir gegn Fylki en tókst ekki að landa sigrinum.

Fjölnir - ÍA 4-0

1-0 Gunnar Már Guðmundsson (18.), 2-0 Marcus Solberg (38.), 3-0 Hans Viktor Guðmundsson (54.), 4-0 Arnar Már Guðjónsson, sjálfsmark (89.).

Fjölnismenn komu sér upp í 2. sæti deildarinnar með sannfærandi sigri á slökum Skagamönnum sem hafa nú tapað tveimur leikjum í röð.

Pepsi-deild kvenna

ÍA - Þór/KA 1-1

0-1 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (25.), 1-1 Megan Dunnigan (59.).

Inkasso-deild karla

Keflavík 2-1 Fjarðabyggð
Leiknir F. 1-4 Grindavík
Þór 2-1 HK

ZLATAN HETJA MAN. UTD.

Zlatan Ibrahimovic tryggði Manchester United sigur á Leicester City í leiknum um Samfélagskjöldinn. Jesse Lingard kom United yfir 32. mínútu en 20 mínútum síðar jafnaði Jamie Vardy metin. Zlatan skoraði svo sigurmark Rauðu djöflanna sjö mínútum fyrir leikslök.

HRAFNHILDUR OG EYGLÓ ÓSK BÁÐAR Í UNÐANÚRSLIT

Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir tryggðu sér báðar sæti í undanúrslitum í sínum fyrstu greinum á Ólympíuleikunum í Ríó. Hrafnhildur komst í undanúrslit í 100m bringusundi og Eygló í 100m baksundi. Hrafnhildur var með níunda besta tímunn og Eygló þann sextánda. Þetta er sögulegur árangur en aldrei áður hefur íslensk sundkona komist í undanúrslit á ÓL. Undanúrslitin fóru fram í nótt, eftir að blaðið fór í prentun.

**Í dag****Körfubolti karla:**

17.15 Serbía - Ástralía Sport 2
22.00 BNA - Venesúela Sport 2
01.30 Frakkland - Kína Sport

Aðrir viðburðir á dagskrá:

18.45 FH - KR Sport
22.00 Pepsi-mörkin Sport

Pepsi-deild karla:

19.15 Víkingur R. - Breiðablik Víkin
19.15 Þróttur - Stjarnan Þróttarv.

SENUÞJÓFUR Á ERPSSTÖÐUM

Hrafninn Flóki heldur til á Erpsstöðum í Dalabyggð og fylgir ábúendum hvert fótmál. Hann er uppátækjasamur með eindæmum, er með nefið ofan í öllu og lætur sig alla gesti varða. Þeir munda myndavélarnar á móti.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Flóki hefur haldið til á Erpsstöðum síðan í byrjun sumars. „Það var komið með tvo hrafnunga hingað sem höfðu fundist í hreiðri sem einhverra hluta vegna hafði verið yfirgefið. Mig minnir að það hafi verið í kringum 20. maí. Við vorum með þá báða í nokkra daga en létum svo annan frá okkur,“ segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson, bóndi á rjómabúinu Erpsstöðum sem hann rekur ásamt eiginkonu sinni, Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur. Flóki varð fljótt hændur að ábúendum og fylgir þeim nú hvert fótmál. „Hann er alltaf hérna og skoppar eða flýgur á eftir okkur á milli húsa. Hann á það líka til að setjast á toppinn á bílnum og fá far,“ lýsir Þorgrímur.

Hann segir hrafninn afar uppátækjasaman. „Hann er með nefið ofan í öllu og alltaf eitthvað að gramsa. Það er talað um að hrafnar séu glysgjarnir og þjóftir og ýta kynni okkar af Flóka frekar undir það. Hann getur ekki látið neitt í friði og fyrir honum er allt nýtt. Þetta er svolítið eins og að fylgjast með ofvirkum einstaklingi,“ segir Þorgrímur. „Hann vill líka alltaf hafa eitthvað í gogginum. Ef hann finnur eitthvað nýtt leggur hann það sem hann er með frá sér og því er alltaf hægt að rekja eftir hann slóðina,“ segir Þorgrímur og reynir að yfirgnæfa hljóðin í krumma sem er venju samkvæmt á vappi í kringum hann með tilheyrandi gargi.

Aðspurður segir Þorgrímur fuglinn hafa fasta rútinu. „Hann fer yfirleitt að sofa milli níu og tíu. Hann sest þá á grindverkið við heita pottinn sem er beint fyrir utan svefnherbergi okkar hjóna. Upp úr fimm flýgur hann eitthvað burt en er svo mættur fyrir utan hús þegar við förum á fætur á milli sex og hálf sjö. Þegar hann fylgir okkur heim á kvöldin flýgur hann á undan okkur og sest svo fyrir utan dyrnar. Hann freistar þess alltaf að komast inn í hús en hefur ekki haft erindi sem erfiði hingað til.“

Þorgrímur segir fjölskylduna ekki reyna að temja fuglinn. „Við reynum þó aðeins að síða hann til. Þetta er hins vegar villidýr og hann gæti allt eins flogið burt. Hann fær matarafgangna hér eins og önnur húsdýr á bænum en aflar sér líka fæðu sjálfur. Hann er líka duglegur að ná sér í fódurbæti og stelur frá svínunum. Um daginn var hann svo kominn inn í hæsnakofa og gerði sig líklegan til að taka hann yfir við litla hrifningu hæsnanna sem hlupu út með fjaðrirnar í allar áttir.“

Þorgrímur segir hrafninn vekja athygli gesta sem koma á bæinn til að fá sér ís beint frá býli. „Hann tekur eftir öllu nýju og vappar hér forvitinn á milli gestanna. Þeir munda myndavélarnar á móti og ég hugsa að hann hljóti að vera mest myndaða fyrirbæri á Vesturlandi fyrir utan Glym. Hann getur líka verið svolítið ágengur. Um daginn var hér maður sem vildi ná mynd af sólarupprásinni. Hann kom myndavélinni fyrir á breiðum stólpa niðri við veg en var ekki fyrr kominn inn í bíl en að Flóki var sestur á vélina, farinn að skoða linsuna og þar af leiðandi skyggja á sólina.“



Hrafninn hefur komið sér upp góðri rútinu og sefur fyrir utan svefnherbergisglugga hjónanna á Erpsstöðum. Hann freistar þess daglega að komast inn í bæ.




Flóki lætur sig alla gesti varða og er með nefið ofan í öllu sem þeir gera.

„Þegar hann fylgir okkur heim flýgur hann á undan okkur og sest svo fyrir utan dyrnar. Hann freistar þess alltaf að komast inn í hús en hefur ekki haft erindi sem erfiði hingað til.“


Þorgrímur Einar Guðbjartsson

Aðspurður segir Þorgrímur suma hafa varann á sér gagnvart fuglinum. „Það er alveg eðlilegt. Þetta er villidýr og maður veit auðvitað ekki hverju hann tekur upp á.“

Þorgrímur segir sumarið á Erpsstöðum annars hafa verið einstaklega kraftmikið og gott. „Veðrið hefur leikið við okkur og mér finnst gaman að sjá hve margir gefa sér góðan tíma hérna. Fólk sest út, skoðar dýrin og börnin leika sér í leiktækjunum.“



Hér er Flóki að kríta. Hann er að sögn Þorgríms alltaf með eitthvað í gognum og ferjar hluti viðstöðulaust á milli staða.



Flóki eltir börnin á trampolínið.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA




www.weber.is



Klassískum plastringjum skipt út fyrir hringi sem búnir eru til úr byggi og hveiti.

VISTVÆN HÖNNUN

Vitund um mikilvægi umhverfisverndar og skaðleg áhrif ólífrænna efna á náttúruna hefur aukist. Hönnuðir leita nú sumir leiða til að skipta út umhverfisspillandi efnum fyrir önnur sem brotna niður í náttúrunni.

Stutt er síðan greint var frá í fréttum að íslenskur nemi í vöruhönnun hefði hannað vatnsflösku sem brotnar niður í náttúrunni. Hann er á sömu línu og þó nokkrir aðrir hönnuðir sem hafa sömu markmið að leiðarljósi. Hér eru dæmi um þrjú umhverfisvæn verkefni:

ÆTIR SIXPACK-HRINGIR

Þjóframleiðandinn Saltwater Brewery í Flórída hefur unnið að því með auglýsingastofunni We Believers í New York að skipta út hinum hefðbundnu sixpack-hringjum úr plasti fyrir hringi úr hveiti og byggi en það eru einmitt aukaafurðir sem verða til við framleiðslu bjórs. Þessir nýju hringir eru því ætíð auk þess sem þeir brotna auðveldlega niður í náttúrunni.

Samkvæmt Greenpeace enda um tíu milljónir tonna af plasti í sjónum á hverju ári. Hluti þess er étinn af dýrum sjávar og veldur skaða. Talið er að yfir 50 prósent sjófugla innbyrði plastrusl. Sixpack-hringir úr plasti þykja hafa sérlega slæm áhrif á umhverfið þar sem dýr geta fest sig í þeim og kafnað.

Upphaflega prófuðu hönnuðirnir að nota þara en efnið þótti of stíft á þurru landi þannig að dýrum stafaði hættu af. Því var niðurstaðan sú að nota hveiti og bygg til að móta klassíska sixpack-hringi. Fyrirtækið ætlar að framleiða 400 þúsund æta hringi í hverjum mánuði. Vonir standa til að þetta verði til að hvetja aðra stærri framleiðendur til að stökkva á umhverfisvæna vagninn.

ÞARI Í STAÐ PLASTS

AMAM er hönnunarteymi þriggja japanskra hönnuða sem hlaut Lexus-hönnunarverðlaunin í ár. Verkefnið heitir Agar Plasticity en breski hönnuðurinn Max Lamb, sem er þekktur fyrir frumlega nýtingu efniviðar, var leiðbeinandi AMAM.



Ecovative býr til umbúðir úr myglu sem blandað er aukaafurðum úr landbúnaði.



Agar Plasticity úr smíðu AMAM.

Agar er hlaupkennt efni sem búið er til úr þörungum. Efnið notuðu hönnuðirnir til að búa til umhverfisvænar umbúðir. Hönnuðirnir voru tilnefndir til verðlaunanna í nóvember og notuðu tímann til að prófa efnið. Þannig sendu þeir ilmvatnsflösku frá Tókýó til Milánó en Lexus-verðlaunin eru veitt árlega í tengslum við hönnunarvikuna í borginni. Hönnuðirnir voru allir nemendur í vöruhönnun við Tama Art háskólann og mynduðu AMAM árið 2015 þegar tveir þeirra höfðu lokið

mastersgráðu við London's Royal College of Art.

MYGLA TIL GÓÐS

Fyrirtækið Ecovative hannað umhverfisvæn efni sem eiga að leysa af hólmi ýmis plastefni sem notuð hafa verið í umbúðir. Fyrirtækið var tilnefnt til hönnunarverðlauna ársins 2015 sem veitt eru af hönnunarsafninu í London.

Efnið sem Ecovative hefur hannað er úr myglu (mycelium) sem blandað hefur verið saman við aukaafurðir úr landbúnaði líkt og hýði utan af fræjum og kornstönglum. Þannig verður til nokkurs konar lífrænt plastefni. Ólíkt öðrum plastefnum, sem eru búnir til úr ólífrænum efnum, brotnar efnið niður í náttúrunni. Nýjasta afurð Ecovative er „gerðu það sjálfur“ pakki sem gefur listamönnum og hönnuðum tækifæri til að rækta sjálfir efnin sem þeir vilja nota í verk sín.

Sveppafnið hefur ekki aðeins verið notað til að búa til umbúðir heldur hafa líka ýmsir munir litið dagsins ljós. Til dæmis lampaskermar eftir hönnuðinn Danielle Trofe sem hún kallar Mush-lume og Mush-bloom.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulrótarbuff

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

FÓLK ER KYNNINGARBLAD

sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Bryndis Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

Skólar og námskeið

8. ágúst 2016

KYNNINGARBLAÐ Gló | Stílvopnið | Retor fræðsla | KILROY | Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn |

Heilsuheimur spennandi námskeiða

Gló í Fákafeni býður upp á sérstaklega spennandi námskeið á næstunni fyrir alla þá sem vilja huga að bættum lífsstíl og heilsurækt. Mismunandi námskeið með frábærum fyrirlesurum, meðal annars jákvæðri sálfræði, hráfæðismatreiðslu og Ljómandi með Tobbu.

Eftir að Gló opnaði í Fákafeni hefur skapast frábær aðstaða til námskeiðahalds auk þess sem fólk getur keypt inn fjölbreyttar hollustu- og lífrænar vörur, fengið sér töfrandi drykki eða notið heilnæmra máltíða. Auknar vinsældir hafa gert það að verkum að nú er í boði stærra og fjölbreyttari námskeiðsdagskrá. Sölvi Pétursson sem hefur umsjón með námskeiðunum, nokkurs konar skólastjóri, segir að fólk geti sótt sér fræðslu hjá þekktum erlendum sem innlendum fyrirlesurum. „Öll námskeiðin eru tengd heilbrigðum lífsstíl,“ segir Sölvi. „Allt frá jákvæðri sálfræði yfir í vegan eða hráfæðismatreiðslunámskeið, lífsstílsþjálfun og lífsstílsbreytingar. Fyrirlesararnir eru með mismunandi áherslur sem eykur á fjölbreytnina og gerir námskeiðin meira spennandi,“ segir hann.

Spennandi námskeið

Meðal þekktara fyrirlesara eru Þorbjörg Hafsteinsdóttir sem hefur getið sér mjög gott orð fyrir námskeiðið Ljómandi. Þetta er tíunda skiptið sem hún er með Ljómandi námskeiðið sem tekur fjórar vikur. „Sykurlaus og full af orku eftir sumaríð,“ segir hún.

Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir kennir fólki grunnatriði sem hjálpa við að betrumbæta mataræðið á einfaldan og öfgalausán hátt á einu námskeiði sínu en einnig er hún með námskeiðið „Hreint mataræði“. „Lærðu hvernig þú getur virkjað afeitrunarkerfi líkamans til fulls og gefðu líkamanum tækifæri á að endurnýja sig á hreinu mataræði,“ segir Ásdís.

Þá verður námskeið í ágúst með metsöluhöfundinum Ani Phyó en hún sýnir hve auðvelt og fljótlegt er að útbúa hráfæði sem hentar fyrir alla fjölskylduna. Ani býr í Los Angeles, hún er afrekskona í íþróttum, heilsufrumkvöðull og höfundur verðlaunabóka um hráfæði. Hún hefur meðal annars unnið með Hvíta húsinu að verkefnum tengdum heilsu auk þess sem hún er með heilsuáttak með borgarstjórn Los Angeles um þessar mundir. Ani deilir á námskeiðinu öflugum og góðum ráðum sínum um breyttan og umhverfisvænan lífsstíl, náttúrulega fegurð, líkamsrækt og hamingju.

Helga Arnardóttir er með námskeið um jákvæða sálfræði. Á námskeiðinu verður fjallað um andlega vellíðan og leiðir til þess að auka hana. Sex mismunandi leiðir, byggðar á rannsóknunum á hamingju og vellíðan, verða teknar fyrir, ein í hverjum tíma. Þátttakendur fá samsvarendi æfingar til þess að gera



Sölvi Pétursson er skólastjóri yfir námskeiðunum hjá Gló. Einnig sér hann um Gló Kaffi & Tonic barinn í Fákafeni. MYND/HANNA

Fyrirlesararnir eru með mismunandi áherslur sem eykur á fjölbreytnina og gerir námskeiðin meira spennandi. Öll námskeiðin eru tengd heilbrigðum lífsstíl.

Sölvi Pétursson

heima milli tímana.

Meðal annarra fyrirlesara má nefna Röggva Nagla sem heldur sitt fyrsta námskeið á Gló í september og kennir þátttakendum að njóta matar með núvitundina að vopni, Davíð Kristinsson heldur sitt sívinsæla námskeið „30 dagar“ í október, Júlía Magnúsdóttir heilsuarkjálfi

kennir heilsusamlega matargerð og Birna Ásbjörnsdóttir fjallar um meltingu og þarmaflórana.

Afsláttarkort

Sölvi segir að styttri námskeið séu yfirleitt tveir til þrjú tímar og fari fram á kvöldin. Einnig eru í boði lengri námskeið, 4-6 skipti, eða helgarnámskeið. Námskeiðunum fylgja afsláttarkort sem gilda í verslun Gló en margar vörur sem sýndar eru á námskeiðunum fást á staðnum.

Sölvi starfar á Gló Kaffi & Tonic barnum í Fákafeni þar sem hann galdrar fram alls kyns heilsudrykki og er leitast við að hámarka hollustu í hverjum sopa. Hann segist hafa hug á að vera með námskeið um gerð slíkra drykkja en það verður tæpast fyrr en á næsta ári. Hins vegar er ástæða til að heimækja Sólva á barinn og fá sér hollustu í kroppinn.

NÆSTU NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR Á GLÓ Í FÁKAFENI

- 14. ágúst - Honey LaBronx - Veganismi og réttlætisbarátta
- 16. ágúst - Ásdís Ragna Einarsdóttir - Hreint mataræði: Hreinsun
- 17. ágúst - Ani Phyó: Fresh Savory Recipes
- 19. ágúst - Ani Phyó: Decadent Guilt-Free Sweets
- 20. ágúst - Ani's Mexican in the Raw
- 29. ágúst - Helga Arnardóttir - Aukin vellíðan með aðferðum jákvæðrar sálfræði
- 31. ágúst - Ljómandi með Tobbu

Heill heilsuheimur

Verslunin býður upp á vörur sem henta vel þeim sem vilja breyta lífsstílnum og afsláttarkortið gildir fyrir allar vörur. Starfsmenn eru vel að sér og gefa viðskiptavinum góð ráð um notkun.

„Margir nýta sér að borða á veitingastaðnum hjá okkur fyrir námskeið eða á eftir. Svo er auðvelt að ná sér í mat í búðinni. Við erum með mjög mikið úrval af nýjum vegan vörum sem hafa ekki verið til áður á Íslandi. Í raun er Gló í Fákafeni heill heilsuheimur,“ segir Sölvi. „Við erum með grænmetiskæli og fáum vikulega mjög skemmtilegt úrval af lífrænu grænmeti, til dæmis marglitar gulrætur.“

Hægt er að skoða námskeiðaframboð og skrá sig á öll námskeiðin á heimasíðunni glo.is og einnig er hægt að fylgjast með námskeiðum og öðrum viðburðum á Facebook-síðu Gló.

Lét drauminn rætast og fór í nám

Guðfinna Björk Kristjánsdóttir hefur starfað sem upplýsingafulltrúi Garðabæjar í fjórtán ár. Hún upplifði þörf til að breyta aðeins til og ákvað að sækja um námsleyfi og láta gamlan draum rætast, að fara í nám og búa um tíma í öðru landi og fór til Bretlands í háskólanám.

**Elín
Albertsdóttir**
elina@365.is



Guðfinna segir að hún hafi vilj- að nota tækifærið og efla sig sem stjórnanda. Hún hélt því á vit ævintýranna og fór í mastersnám sem heitir International Human Resource Management eða alþjóðleg mannauðsstjórnun. Guðfinna valdi skóla sem heitir Birmingham City University. „Það voru ýmsir þættir sem urðu til þess að ég valdi hann. Í fyrsta lagi leist mér vel á námið og í öðru lagi leist okkur hjónunum vel á Birmingham. Hún er önnur stærsta borg Bretlands en þrátt fyrir það þekktum við engan sem hafði verið þar og almennt virtust flestir þekkja mjög lítið til borgarinnar. Okkur fannst það vera kostur því okkur langaði til að geta kúpl- að okkur alveg út í þennan tíma og vera þar sem væru fáir Íslendingar. Ekki spillti fyrir að Sinfóníuhljóm- sveit Birminghamborgar er mjög virt en maðurinn minn, Sigurjón Örn Sigurjónsson, er mikill áhuga- maður um klassíska tónlist. Því má svo bæta við, fyrir þá sem hafa áhuga á málefnum sveitarfélaga, að Birmingham City er fjölmennasta sveitarfélag í Evrópu,“ útskýrir hún.

Þegar hún er spurð hvort ekki sé dýrt að fara í nám í Bretlandi, svarar hún: „Skólagjöld eru há í Bretlandi og því er það nokkuð dýrt. Skólagjöldin mín voru um tvær milljónir króna sem er samt ekki svo mikið á breskan mælikvarða, sem spilaði líka inn í við val á skólanum. Námið tók eitt ár. Kennslan var búin í lok apríl en eftir það tóku við skrif á mastersritgerð sem ég skilaði í september 2015,“ segir hún.

Öðruvisi en í HÍ

Guðfinna segir að námið hafi verið að sumu leyti ólíkt því sem hún hafði kynnst úr Háskóla Íslands. „Til dæmis var lögð miklu meiri áhersla á þátttöku í tímum. Á hverjum degi urðum við að vinna í hópum, svara ákveðnum spurningum og kynna niðurstöður okkar. Við vorum líka mikið hvött til að spyrja og deila reynslu okkar og hugmyndum í tímum. Í náminu voru skipulagðir nokkrir hlutverkaleikir þar sem við tókum m.a. ráðningarvið- töl, þurftum að taka á máli þar sem starfsmaður var ósáttur við yfirmann sinn og í því þriðja á máli þar



Útskriftin var í janúar 2016. „Það gladdi mig mikið hvað stjórnendur stofnunarinnar sem ég vann rannsóknina hjá virtust ánægðir með mína vinnu og auðvitað líka allur sá stuðningur og hvatning sem ég fékk frá leiðbeinandanum í gegnum allt ferlið,“ segir Guðfinna.

sem starfsmaður var grunaður um að hafa brotið af sér í starfi. Erfiðasti hlutverkaleikurinn var samt þegar við, sem fulltrúar brugg- verksmiðju, áttum að semja við yfirmenn á kránum okkar (dæmigert breskt vinnuumhverfi) um kaup og kjör. Þá voru fyrrverandi samningamenn frá verkalýðsfélögum fengnir til að leika hlutverk viðsemjenda okkar og það verður að viðurkennast að við höfðum lítið í þá að gera.“

Guðfinna segir að þetta hafi verið frábær lífsreynsla. „Ég hafði ekki búið erlendis áður. Það var mjög gefandi og lærdómsríkt að búa í svona

fjölbjóðlegu umhverfi en Birmingham er ein helsta innflytjendaborg Bretlands.

Námið styrkti mig

Faglega séð hefur námið styrkt mig í hlutverki mínu sem stjórnandi en ég stýri upplýsingadeild Garðabæjar. Í mastersverkefningunni náði ég að samtvinna mannauðsstjórnun og upplýsingamiðlun, sem hefur verið mitt fag, með því að gera rannsókn á því hvernig starfsfólk upplifir gæði innri upplýsingamiðlunar hjá stórra breskri stofnun. Við urðum sjálf að finna okkur „place-



Guðfinna til vinstri með vinkonum sínum, þeim Neenu og Cauline, á stúdentabarnum við skólann.

ment“ hjá fyrirtæki eða stofnun og vinna þar rannsókn sem yrði síðan efni lokaritgerðarinnar. Upplýsingamiðlun er eitt af þeim atriðum sem hafa áhrif á það sem er kall- að helgun starfsmanna sem aftur hefur áhrif á frammistöðu þeirra og stofnunarinnar í heild, þannig að það er til mikils að vinna að vanda þar til verka. Ég var svo heppin að fá frábæran leiðbeinanda við gerð lokaritgerðarinnar og að hafa með hennar hjálp fengið tækifæri til að kynna niðurstöður mínar á alþjóð- legri mannauðsráðstefnu sem haldin var í Kanada í júní á þessu ári,“ greinir hún frá.

Eiginmaðurinn er rafmagns- og tölvuverkfræðingur og vinnur við forritun. „Vinnuveitendur hans voru svo almennilegir að leyfa honum að taka tölvuna með sér og vinna í fjarvinnu. Yngri sonur minn og kærastan hans sem voru þá 18 ára voru hjá okkur frá ágúst og fram í miðjan desember. Eldri sonur minn varð eftir til að geta byrjað sitt nám í Háskóla Íslands. Við leigðum okkur lítið raðhús á almennum markaði svo það var ekkert vandamál. Það tók mig reyndar um 50 mínútur að komast í og úr skólanum með strætó en það vandist fljótt.“

Vel tekið af samnemendum

Guðfinnu var vel tekið af samnemendum sem voru sextán og komu frá tíu löndum. Hún segist hafa verið langelst í hópnum en það truflaði aldrei. „Ég vakti mikla athygli fyrir að vera Íslendingur en Bretar eru gríðarlega spenntir fyrir Íslandi. Það var frábær reynsla að búa í Birmingham og

upplifa það fjölbreytta mannlíf sem þar er, til dæmis eru mjög margir innflytjendur frá Indlandi og Pakistan og indverskir veitingastaðir á öðru hverju horni sem okkur fannst frábært. Við bjuggum í friðsælu íbúðahverfi í suðurhluta borgarinnar og höfðum ekta breskan pöbb í tveggja mínútna göngufjarlægð frá heimilinu svo við upplifðum líka þá stemningu. Fólkið sem við kynntumst er auðvitað líka ofarlega í okkar huga. Ég var svo heppin að eignast tvær góðar vinkonur sem ég hef haldið sambandi við. Við upplifum sterk tengsl við borgina eftir þessa dvöl og ég fæ ákveðna „heimþrá“ við að hugsa til hennar.

Gifurlega lærdómsríkt

Hvað varðar námið sjálft stendur vinnan við lokaverkefnið upp úr. Ég gerði bæði rafræna spurningakönnun og stýrði tveimur fókushópum sem ræddu málefnið sem var gifurlega lærdómsríkt.“

Guðfinna segist mæla með því að fólk láti drauma sína rætast. „Ef fólk hefur tækifæri til þess mæli ég hiklaust með því. Þetta var önnur mastersgráðan sem ég næ mér í eftir að ég byrjaði að vinna hjá Garðabæ. Þá fyrri, sem er í opinberri stjórnsýslu, kláraði ég frá Háskóla Íslands árið 2006. Það nám tók ég með fullri vinnu sem er auðvitað mikið álag en líka skemmtilegt. Bæði þá og í náminu úti upplifði ég hvað það er gaman að fara í nám þegar maður er kominn með reynslu úr atvinnulífinu og getur þannig tengt saman fræðin og praktíkina.“

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson | jonivar@365.is | s. 512-5429

ÁBYRGÐARMANNA
Svanur Valgeirsson

BÓKLEGT ÖKUNÁM Á NETINU

ÞÚ LÆRIR ÞEGAR ÞÉR HENTAR
OG Á ÞEIM HRAÐA SEM ÞÉR HENTAR
OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN

Netökuskólinn hefur það að markmiði að bjóða uppá bóklegt nám með áherslu á gæði og gott verð.

NETÖKUSKÓLINN
netokuskolinn.is

Snjallt til framtíðar

PÅHL skrifborðið er hannað til að vaxa með barninu og aðlagast þörfum þess. Auðvelt er að stilla borðið í þrjár mismunandi hæðir, fæturnir fást í fjórum litum og svo er hægt að bæta við ýmsum viðbótareiningum. Snjallt, ekki satt?



17.850,-

PÅHL skrifborð
með viðbótareiningu
B96xD58cm



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



Safnaði undirskriftum til að breyta ósanngjörnum reglum um fatnað

Kolfinna Kolbeinsdóttir, tólf ára að verða þrettán, flutti frá Íslandi til Kaliforníu fyrir tæpum þremur árum. Henni fannst námsefnið miklu erfiðara en á Íslandi en hefur gengið vel að eignast vini og aðlagast skólanum sem er að ýmsu leyti örðuvísi en á Íslandi.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Kolfinna er nú á miðstigi eða Middle School þar sem eru krakkar á aldrinum tíu til fjórtán ára. „Ég skipti um skóla þegar ég var tíu ára og fór í annan skóla til að fara á miðstigi sem er hérna fjögur ár. Og svo fórum við í menntaskóla eða High School þegar við erum fjórtán ára og erum þar í fjögur ár.“ Hún segir uppbyggingu skóladagsins vera öðruvísi en á Íslandi. „Á Íslandi þá borðum við hádegismat inni og leikum okkur svo úti í frímínútum en í Ameríku þurfum við að borða og leika okkur á sama tíma. Hver og einn er með sína eigin stundatöflu og það er enginn í bekk heldur er þetta meira eins og áfangakerfi,“ segir hún. „Stundataflan er samt alveg nákvæmlega eins á hverjum degi en á Íslandi var hún ólík milli daga. Við megum velja eina listgrein og þá má velja hvort maður vill vera í hljóðfæranámi, leiklist, söng eða tónlist eða hringekju.“ Kolfinna getur fengið ýmislegt metið inn í skólann. „Ég er að fara í dans utan skóla fjórum sinnum í viku og þá kemur það í staðinn fyrir íþróttir sem eru á hverjum degi. Þá má ég velja tvennt í staðinn og ég valdi



Kolfinna á milli tveggja vinkvenna. Vinstra megin er Liza og hægra megin Edna.

spænsku og hringekju þar sem við erum nokkrar vikur í hverri grein og skiptum svo.“

Kolfinna er ekki hrifin af matnum í skólanum. „Mér finnst maturinn í skólanum ógeðslegur, það eru reyndar góðir ávextir en annars eru þetta vondir hamborgarar og pits-

ur. Mjög margir krakkar koma með nesti að heiman og mamma hjálpar mér að útbúa hollt og gott nesti á hverjum degi.“

Það eru ýmsar reglur í skólanum sem Kolfinnu þóttu skrytnar. „Það var regla í skólanum að við máttum ekki snerta hvert annað. Einu sinni



Hér eru vinkonur Kolfinnu að borða hádegismatinn í frímínútum.

mátti ekki einu sinni gefa „hæ-fæv“ og fólk var látið sitja eftir fyrir það. En svo kom nýr skólastjóri og hún breytti reglunum. Við megum alveg snertast núna og ég og vinkonur mínar knúsumst oft. Sumir kennarar eru samt svolítið strangir með þetta og koma og segja: Ef ég

sé ykkur gera þetta aftur þá verðið þið látnar sitja eftir! En það er ekki oft. Það er samt þannig að ef maður snertir einhvern sem vill ekki láta snerta sig þá lendir maður kannski í vandræðum.“

Önnur regla snerist um klæðaburð nemenda og sú regla fannst Kolfinnu ósanngjörn. Hún ákvað að gera eitthvað í málunum og á endanum fengu hún og vinkona hennar skólareglunum breytt.

„Við eigum heima í Kaliforníu og þar er stundum sjóðandi heitt. Í skólanum voru margar reglur í sambandi við hvernig stelpur máttu klæða sig. Það mátti til dæmis ekki vera í hlýraból, stuttbuxur og pils þurftu að ná næstum niður á hné og ekki sjást í brjóstahaldara eða magann. Það voru ekki eins margar reglur fyrir stráka. Ég og vinkona mín söfnuðum 260 undirskriftum, fórum með þær til skólastjórans og fengum hana til að breyta þessum fatareglum. Svo nú megum við klæða okkur eins og við viljum ef það bara sést ekki of mikið.“

Hefurðu einhverjar ráðleggingar til krakka sem eru að fara að skipta um skóla? „Þetta verður kannski erfitt en þú þarft að gera þitt besta. Ekki gefast upp, þetta verður allt í lagi, þú rúllar þessu upp.“

Stílvopnið yddað

Stílvopnið – valdefling og sköpun er nýtt fræðslu- og útgáfufyrirtæki í eigu Bjargar Árnadóttur. Þar er boðið upp á margs konar hagnýt og skapandi ritunarnámskeið.

„Ég hef kennt fólki að skrifa í tæp þrjátíu ár en ég kynntist ritunarkennslu fyrst þegar ég bjó í Svíþjóð,“ segir Björg Árnadóttir, eigandi lítils fræðslu- og útgáfufyrirtækis að nafni STÍLVOPNIÐ – valdefling og sköpun sem stofnað var árið 2015. Björg er félagi í ReykjavíkurAkademíunni þar sem hún fæst við ritstörf, rannsóknir, verkefnastjórn og þátttöku í Evrópuverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu. Námskeið Stílvopsins eru haldin í húsnæði Akademíunnar en auk þess heldur Björg námskeið á landsbyggðinni eftir atvikum og kennir líka erlendis.

„Stílvopnið býður margs konar hagnýt og skapandi ritunarnámskeið. Á haustönninni held ég nokkur námskeið í skapandi skrifum en býð einnig námskeið um ritun endurminninga og námskeiðið Ritlist og reiði sem snýst um að hjálpa fólki að umbreyta reiði sinni í uppbyggilegan texta. Sum námskeiðin eru ætluð almenningi og auglýst á Stílvopsvefnum en önnur sérsniðin fyrir ólíka hópa sem panta þau.“

Að leita að tjáningunni hið innra og finna henni form

Björg er myndlistarkennari og blaðamaður að mennt með meistaraárágráðu í menntunarfræðum og áratuga reynslu af kennslu fullorðinna og stjórnun fullorðinsfræðslu.

„Síðasta áratuginn hef ég tekið þátt í margvíslegu evrópsku samstarfi um skapandi og valdeflandi leiðir í fullorðinsfræðslu sem hefur reynt mér hinn besti skóli og veitt mér innblástur í kennslu minni hér heima. Ég hef til dæmis lært aðferðir sögu-



Björg Árnadóttir Rithöfundur Stílvopnið Námskeið Ritlist


spuna (Bibliodrama), kynnst leikhúsi hinna raddlausu (Theater of the Oppressed) sem kennt er við brasilíska leikhúsmanninn Augusto Boal og hugmyndafræði og aðferðir sem þekktar eru undir nafninu Ferð hetjunnar (Hero's Journey) og tengjast nafni bandaríska goðsagnafræðingsins Josephs Campbell en hann ættu Stjörnustríðsaðdáendur að þekkja. Þá má ekki gleyma félagsörvunaraðferðum (Sociometric) Austurríkismannsins Jacobs Moreno sem gera hópum kleift að kynnst vel á stuttum tíma og vinna þar af leiðandi betur saman. Allar þessar aðferðir snúast um að hjálpa fólki að leita þeirrar tjáningar sem býr innra með því og finna henni form. Í

ritunarkennslunni nota ég margvíslegar kveikjur til að hjálpa fólki að finna söguna sína og samtaltækni sem ég hef lært í ofangreindum verkefnum en ritunarnámskeið fjalla að tölurverðu leyti um að deila textum sínum enda læra nemendur mest hver af öðrum.

Námskeið Stílvopsins hefjast í lok ágúst með námskeiði í skapandi skrifum í Mývatnsveit. Skráning á námskeið haustannar er hafin á www.stilvopnid.is en hópar geta haft samband vegna styttri eða lengri sérsniðinna námskeiða. Auk námskeiða býður Björg fyrirlestra um valdeflingu og sköpun og ráðgjöf á sviði ritunar og bókaútgáfu.

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

100% Black
60% Magenta
100% Yello



Framtíðin opnar námsmönnum nýja möguleika

Framtíðin er námslánasjóður sem opnar möguleika fyrir efnilega nema á öllum aldri sem vilja fjárfesta í fyrsta flokks menntun á Íslandi eða erlendis.

Kynntu þér Framtíðina á www.framtidin.is

 Framtíðin

Gríðarlegur mannauður fólgin í því að erlent starfsfólk tali íslensku

Fyrirtækið Retor Fræðsla sérhæfir sig í íslenskukennslu fyrir innflytjendur og býður núna fyrirtækjum með erlent starfsfólk upp á heildarlausn sem meðal annars felur í sér greiningu á íslenskukunnáttu starfsfólksins og íslenskukennslu fyrir það.

Krafa samfélagsins um að innflytjendur aðlagist með því að til-einka sér lágmarksíslenskukunnáttu hefur aukist og mun aukast enn frekar eftir því sem innflytjendum fjölga. Ábyrgð vinnuveitenda á íslenskum vinnumarkaði er að veita erlendu vinnuafli tækifæri til þess að afla sér lágmarksþekk-ingar á íslenskri tungu.

Mikil tækifæri eru fólgin í þeim mannauði sem skapast á vinnustöð-um þar sem samskipti eru til fyrir-myndar. Með góðum samskiptum eykst starfsánægja og því fylgir jafnari og betri framlegð í starfi, ásamt því að lágmarka kostnað sem hlýst af starfsmannaveitu. Íslenskukennsla fyrir erlent starfs-fólk er mikilvægur hluti af þessu ferli.

Fyrirtækið Retor Fræðsla sér-hæfir sig í íslenskukennslu fyrir innflytjendur og býður núna fyrir-tækjum með erlent starfsfólk upp á heildarlausn sem meðal annars felur í sér greiningu á íslensku-kunnáttu starfsfólksins og íslenskukennslu fyrir það.

Stofnandi fyrirtækisins og skóla-stjóri Retor Fræðslu er Aneta M. Matuszewska sem flutti hingað frá Póllandi árið 2001 og þekkir af eigin raun hvernig það er að vera innflytjandi í íslenskunámi. Aneta tók strax þá ákvörðun að læra íslensku. Þremur árum síðar var hún byrjuð að kenna Pólverjum íslensku og árið 2008 stofnaði hún síðan



Aneta M. Matuszewska, skólastjóri Retor, stofnaði skólann árið 2008 en hún hefur sjálf reynslu af því að þurfa að kljást við íslenskunám.

Vel menntaðir og hæfir erlendir einstaklingar geta komið með ferskar hugmyndir og nýja sýn inn í atvinnulífið hér. En forsenda fyrir því er að viðkomandi aðilar nái góðum tókum á tungumálinu.

Aneta M. Matuszewska



Það er mikilvægt fyrir bæði vinnuveitendur og starfsmenn af erlendum uppruna að þeir síðarnefndu nái fljótt og vel tókum á íslenskunni.

Retor Fræðslu sem meðal annars hefur þróað sérhæft námsefni fyrir Vinnuálastofnun.

„Innflytjendur eiga að læra íslensku,“ segir hún ákveðin en það er ekki síður hagar íslensks samfélags og fyrirtækjanna sem hinir aðfluttu starfa hjá en innflytjendanna sjálfra. Auk þess sem nefnt var hér að framan um jákvæð áhrif þess á starfsemi fyrirtækja að erlent starfsfólk öðlist færni í íslensku nefnir Aneta þetta lykilartriði til viðbótar:

„Vel menntaðir og hæfir erlendir einstaklingar geta komið með ferskar hugmyndir og nýja sýn inn í atvinnulífið hér. En forsenda fyrir því er að viðkomandi aðilar nái góðum tókum á tungumálinu. Ef þeir gera það ekki tekst þeim ekki

að nýta menntun sína og hæfni og geta fest í störfum sem eru langt fyrir neðan hæfni þeirra. Við þetta missa þeir ekki bara af tækifærum heldur getur samfélagið hér farið á mis við mikilsverða hæfni þeirra.“

Hjá Retor er mikið lagt upp úr því að kennslan sé í senn skemmtileg, skilvirk og skipulögð en umfram allt áhugaverð og bjóði nemendum skólans upp á vinalegt, hlýlegt og afslappað andrúmsloft. Þetta eru allt mikilvægir þættir sem stuðla að því að hámarka árangur nemenda.

Nánari upplýsingar um starfsemi Retor Fræðslu má finna á heimasíðu fyrirtækisins. Einnig eru veittar ítarlegar upplýsingar um starfseminna, meðal annars fyrirtækjapjónustuna í síma 519 4800.

Skortir vald til að bregðast við

Finnur Guðmundarson Olguson hefur umsjón með einni af þrettán námsstofum Róttæka sumarháskólans í ár. Hún ber yfirskriftina Loftslagsbreytingar: Hvað þarf að gera og af hverju erum við ekki að því núna? og byggir á niðurstöðum hóps sem hittist á vormánuðum.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Vaxandi samkomulag er um að loftslagsbreytingar séu ein stærsta ógn sem stöðjar að framtíð mannkyns og annarra dýrategunda og hefur alþjóðasamfélagið sýnt aukinn vilja til að bregðast við. En af hverju gengur það svona hægt? Þessu veltir Finnur Guðmundarson Olguson upp í námsstofunni Loftslagsbreytingar: Hvað þarf að gera og af hverju erum við ekki að því núna?

Í maí kom hópur fólks, sem hefur látið sig loftslagsmál varða, saman til að ræða um hvaða breytingar þyrftu að eiga sér stað á sviði efnahags, samfélags, alþjóðasamstarfs og lýðræðis til þess að unnt væri að bregðast við loftslagsbreytingum. „Ég mun byggja á þeim umræðum sem þar fóru fram og draga fram þau leiðarstef sem fundarmenn töldu vænlegt að fylgja en sömuleiðis velta upp þeirri spurningu hvort almenn-ingur og fjöldahreyfingar hafi yfirhöfuð vald til að bregðast við,“ segir Finnur.

Hann segir fundarmenn hafa verið sammála um að mikið þurfi að breytast. „Vandamálið er að þetta er svo gríðarlega yfirgripsmikið mál að fólk veit ekki hvar á að byrja. Fundarmenn voru þó á einu máli um að efnahagskerfið

þurfi að taka stakkaskiptum.“

Finnur segir þá aðallega um að ræða þann vanda sem hlýst af því hversu mikið sé keyrt á framleiðslu á hlutum sem ekki eru endurnýtanlegir. „Með því erum við að ganga mjög hratt á auðlindir jarðar sem aftur ýtir undir losun gróðurhúsalofttegunda sem er stærsti aflvaki loftslagsbreytinga.“

Hann segir vandaamálið við að draga úr slíkri framleiðslu að yfirleitt þurfi þá að ráðast á ákveðna geira og fækka störfum en það er aldrei vinsælt og verður seint í lýðræðisríkjum. Hann segir þó marga orðna halla undir það að herða þurfi lög svo um munar í takt við sífellt ágengari vísindaniðurstöður. „Mér finnst þó hæpið að varpa ábyrgðinni alfarið á einstaklinga sem hafa lifibrauð sitt af tilteknum iðnaði. Fólk er líka bara að reyna að lifa af í þessum heimi en við þurfum engu að síður að horfa til framtíðar.“

Finnur segir þó ýmislegt jákvætt hafa komið fram á fyrrenfundum fundi. „Ofneysla á auðlindum jarðar, mengun drykkjarvatns, loftgæði og súrnun sjávar helst allt í hendur og um leið og við byrjum á einu höfum við áhrif á hitt. Það er spennandi viðfangsefni. Þá þótti okkur spennandi að ímynda okkur samfélag þar sem við værum í stakk búin til að tak-

ast á við svona vandamál.“ Finnur mun hins vegar líka reyna að sýna fram á að fólk skorti vald til að aðhafast. „Við rekumst á vegg í þessum efnu því enn sem komið er er ekki verið að brjóta lög og þetta er því ekki spurning um réttindabaráttu.“ Finnur hefur lengi látið sig umhverfismál varða og hélt um tíma úti vefsíðunni grugg.is ásamt fleirum en sami hópur hefur staðið fyrir



Það vilja flestir halda jörðinni hreinni. Það er hins vegar vandasamt verkefni.

ast á við svona vandamál.“

Finnur mun hins vegar líka reyna að sýna fram á að fólk skorti vald til að aðhafast. „Við rekumst á vegg í þessum efnu því enn sem komið er er ekki verið að brjóta lög og þetta er því ekki spurning um réttindabaráttu.“

Finnur hefur lengi látið sig umhverfismál varða og hélt um tíma úti vefsíðunni grugg.is ásamt fleirum en sami hópur hefur staðið fyrir

loftslagsgöngu síðustu tvö ár. Hann lærði heimspeki í HÍ en fór svo í húsgagnasmíði. Áhugi hans á umhverfisvernd rak hann svo í landfræði. „Ég hef einhvern óþolandi áhuga á vandamálum. Mig langar að vinna með náttúrunni og reyni að finna áhuganum farveg þar.“

Róttæki sumarháskólans er nú haldinn í 6. skipti og að þessu sinni er hann starfræktur í húsnæði Háskólans á Bifröst í Suður-

götu 10. Venju samkvæmt stendur hann yfir í viku, eða frá 8.-14. ágúst. Þrettán námsstofur verða í boði og ýmis róttæk málefni til umfjöllunar. Þátttaka í skólanum er ókeypis sem og maturinn í hádeginu sem er úr rusluðu hráefni, framreiddur af sjálfböðaliðum. Fyrirlestur Finns verður þriðjudaginn 9. ágúst og hefst klukkan 20. Nánari upplýsingar er að finna á sumarhaskolinn.is



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisl@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Hjallasel 45. Parhús.



**OPIÐ HÚS
MIÐVIKUDAG**

Eignin verður til sýnis miðvikudag
frá kl. 17.15 – 17.45

Vandað 69,1 fm. parhús á einni hæð með mikilli lofthæð og fallegum sér garði við Hjallasel sem er á lóð hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar og hafa eigendur húsanna aðgengi að félagsstarfi og ýmis konar þjónustu á vegum Hjúkrunarheimilisins. Stofa með útgengi á vernd til suðurs. Baðherbergi er nýendurnýjað á vandaðan hátt sem og tæki í eldhúsi. **Aðkoma að húsinu er mjög góð og sér bílastæði fyrir framan húsið á hellulagðri innkeyrslu. Verið velkomin.**

Verð 34,9 millj.

Búðavað 1. Frábær staðsetn. - stórfenglegt útsýni



**OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG**

Eignin verður til sýnis þriðjudag
frá kl. 17.15 – 18.00

Virkillega fallegt og vandað 246 fm. parhús á tveimur hæðum með aukaíbúð á jarðhæð. Að innan er eignin virkillega vönduð með sérsmiðuðum innréttingum, gólfhita, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í stóra hluta lofta. Að utan er húsið í góðu ástandi, staðsteypt og byggt úr vönduðum byggingarefnum. Hellulögð stétt og innkeyrsla fyrir framan húsið og stór harðviðarverönd til suðurs neðan við hús. **Gríðarlega falleg staðsetning þar sem mjög mikils og fallegs útsýnis nýtur yfir Elliðavatnið, til fjalla og víðar. Verið velkomin.**

Verð 84,9 millj.

Sævangur – Hafnarfirði.



Vel staðsett 269,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 47,4 fm. bílskúr.

Tvennar svalir sem snúa annars vegar í suður og hins vegar til suðausturs. Garðurinn er ræktaður og mætir óspilltu mosavöxnu og grónu hrauninu til norðurs. Stórar stofur með ami. Þrjú rúmgóð herbergi. Sjónvarpsrími. Tvö baðherbergi.

Íbúð á neðri hæð með sér inngangi.

Húsið er mikið endurnýjað.

Verð 81,9 millj.

Vatnsendablettur 247 - Kópavogi. Einstök staðsetning.



**OPIÐ HÚS
MIÐVIKUDAG**

Eignin verður til sýnis miðvikudag
frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmiðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugað fólk. **Fyrir liggur heimild um byggingu hesthúss á lóðinni fyrir 6 hesta. Verið velkomin.**

Verð 99,0 millj.

Laugavegur. Glæsileg íbúð á tveimur efstu hæðum.



Stórglæsileg og algjörliga endurnýjuð 145,9 fm. íbúð á tveimur efstu hæðunum (LOFT). Íbúðinni fylgir langtímaleigusamningur um tvö bílastæði í bílastæðahúsi Reykjavíkurborgar við hlíð hússins. 20 fm. suðursvalir eru á íbúðinni og hægt er að stækka þær enn frekar. Einnungis tvær íbúðir eru í húsinu. Íbúðin var öll endurnýjuð hið innra fyrir um 10 árum síðan á vandaðan hátt. Það sem endurnýjað var þá voru m.a. allar lagnir, gólfefni, innréttingar, tæki, gler, gluggar o.fl. Gólfhitakerfi er í alrými á neðri hæð íbúðarinnar en ofnar á þeirri efri. Hjóðeinangrun á milli hæða er meiri en gengur og gerist. Útsýnis nýtur af efri hæð að Esjunni og yfir Faxaflóann.

Verð 69,9 millj.

Heilsárshús í Skorradal. Hornlóð við Skorradalsvatn.



Fallegt heilsárshús við Vatnsendahlíð í Skorradalshreppi. Eignin stendur á 2.975,0 fm. leigulóð á jarðarmörkum Vatnsenda og skógræktarinnar í Hvammi. Hornlóð á besta stað við vatnið (vatnalóð). Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn. Eignin er byggt árið 2000, 75,6 fm. að stærð auk 10 fm. gestahúss. Húsið snýr í SV og nýtur vel sólar. Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn.

Verð 34,9 millj.

Glæsilegt sumarhús á eignarlandi - Kerhraun Grímsnesi



Virkillega glæsilegt 126,6 fm. sumarhús, að meðtalinni 12,0 fm. geymslu, á 5.780 fm. frábæra staðsettri eignarlóð við Kerhraun í Grímsnesi. Stór verönd er við húsið og frá húsi og verönd nýtur mjög fallegs útsýnis. Hitaveita er komin að húsinu. Stór og björt stofa. Þrjú herbergi. Innú, utan persónulegra muna, fylgir með eigninni. Á lóðinni hefur verið útbúinn fótboltavöllur fyrir börn með trjágróðri í kring og aðkeyrsla að húsinu er lögð rauðamöl.

Verð 39,9 millj.

Garðabær

Glæsilegt einbýlishús niður við lækinn

Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað um 500,0 fm. einbýlishús á frábærum stað niður við lækinn í Garðabæ. Eignin er endurnýjuð á hlýlegan, vandaðan og smekklegan hátt. Garðurinn er endurhannaður og með harðviðarveröndum, heitum potti og lýsingu. Einstök staðsetning. Frábært útsýni.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, á netfanginu gtj@fastmark.is

LUNDUR 17 - 23, KÓPAVOGI.

NÝ OG GLÆSILEG FJÖLBÝLISHÚS.

Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmiðaðar, en óski kaupandi eftir breytingunum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

LANGALÍNA 20 - 26, SJÁLANDI GARÐABÆ.

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða áklætt fjölbýlishús í Sjúlandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnas og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



VATNSSTÍGUR 20 -22



Vatnsstígur 20 -22.

4ra herbergja útsýnisíbúð. Aðeins tvær íbúðir á hæð.

Afar glæsileg og mjög vönduð 183,2 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi fremst við sjóinn á Vatnsstíg auk sér bílastæðis í kjallara. Gólfisóðir gluggar eru í stofum og eldhúsi og nýtur útsýnis frá íbúðinni út á sundin. Úr stofum er útgengi á 61,2 fm. þaksvalir með harðviðargólf og skjólvegjum úr gleri og úr eldhúsi og hjónaherbergi er útgengi á mjög rúmgóðar og skjólsælar suðursvalir. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Eignin skilast fullfrágengin að innan með öllum gólfefnum.

Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni.

Verð 145,0 millj.

4RA HERBERGJA



STRANDVEGUR 20 - GBÆ. ÚTSÝNISÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 - 17.45

Virkilega glæsileg 124,5 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk sér bílastæðis í bilageymslu. Íbúðin er mjög björt með rúmgóðum suðursvölum og fallegum útbýgðum glugga til norðurs þaðan sem nýtur gífurlega fallega útsýnis m.a. til sjávar. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verið velkomin.

49,9 millj.

5 HERBERGJA



